birta
Kristín Ingólfsdóttir:
*Skikkja fyrir slopp*
• 1. apríl • tangó
Fylgir Fréttablaðinu í dag ▶




allt
Jóhannes Ásbjörnsson:
*Skemmtilegast að nýta afganga*
• matur • tilboð
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. apríl 2005 – 86. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

FÖSTUDAGUR



**RÚSSARNIR HÆTTA** Framkvæmdir við rússneska sendiráðið hafa nú verið stöðvaðar og beðið er eftir niðurstöðu borgaryfirvalda varðandi byggingarleyfi. Framkvæmdir frá því í desember, er borgaryfirvöld báðu Rússa um að hætta allri vinnu, voru vegna misskilnings í Moskvu. **Sjá síðu 2**

**TUGIR KVARTA Í HVERRI VIKU** Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, telur að hlutfallstengd þóknun fasteignasala sé tímaskekkja. Sanngjarnt sé að taka til dæmis upp tímagjald eins og tíðkast víða. **Sjá síðu 6**

**MUGABE TRYGGIR SÉR SIGUR** Þingkosningar fóru fram í Zimbabwe í gær. Engin hætta er talin á öðru en að flokkur Roberts Mugabe vinni stórsigur enda leikur lítill vafi á að forsetinn hagræði úrslitunum sér í vil. **Sjá síðu 8**

VEÐRIÐ Í DAG




**HVERGI MJÖG SÓLRÍKT** Rigning eða slydda austan til og stöku él á annesjum norðan til. Gæti rignt í borginni síðdegis. Hiti 0-5 stig að deginum. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



**MIÐASALA HEFST** Miðasala á viðburði Listahátíðar í Reykjavík hefst í Bankastræti 2 á hádegi. Meðal viðburða eru tónleikar Anne Sofie von Otter og sýning franska sirkussins Cirque.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 28 |
| Tónlist | 28 | Íþróttir | 22 |
| Leikhús | 28 | Sjónvarp | 32 |


**Fjöldi lesenda á föstudögum***




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, feb. 2005.

# Fischer á um 200 milljónir króna í Sviss

**Bobby Fischer skipar sér á bekk meðal sterkefnaðra Íslendinga. Hann verður að greiða skatta af vöxtum og verðbótum hér, hvort sem hann ávaxtar fé sitt á Íslandi eða í Sviss þar sem það er nú. Greiðslur hans til ríkissjóðs gætu numið allt að 700 þúsund krónum á ári.**

**FISCHER-MÁLIÐ** „Íslendingar þurfa ekki að að hafa áhyggjur af því að Bobby Fischer verði fjárhagsleg byrði á landsmönnum meðan hann dvelur hérlends.“ Þetta segir Sæmundur Pálsson, góðvinur meistarans, og segir að hann eigi enn megnið af því verðlaunafé sem hann fékk fyrir einvígið við Spasskí í Sveti Stefan í Júgóslavíu 1992, en það nam rúmum þremur milljónum dollara á sínum tíma.

„Fischer átti líka einhverja fjármuni í Bandaríkjunum frá fyrri tíð sem hann flutti til Sviss áður en bandarísk yfirvöld komu höndum yfir þá,“ segir Sæmundur.

Eitthvað af þessu fé hefur Fischer notað til að framfleyta sér undanfarin 13 ár en vextir hafa séð til þess að höfuðstóllinn hefur haldist að mestu óbreyttur að sögn Sæmundar. Má áætla að sjóðurinn nemi um 200 milljónum króna, þannig að Fischer skipar sér á bekk með sterkefnuðum Íslendingum. Hann gæti þó verið mun efnaðri ef staða dollarans væri ekki jafn veik og hún er. Miðað við stöðu dollarans um mitt ár 2001 þegar staða hans var hvað sterkust gagnvart krónunni, ætti Fischer um 385 milljónir króna, eða nálægt því tvöfalda þá upphæð sem sjóður hans nemur nú.



**FISCHER OG SÆMUNDUR** Fischer er ekki á flæðiskeri staddur fjárhagslega en verður að öllum líkindum að greiða fjármagnstekjuskatt hérlendis. Skattgreiðslur gætu hlaupið á hundruðum þúsunda á ári.

Að sögn sérfróðra manna í flutningi fjármuna milli landa er ekkert því til fyrirstöðu að Fischer flytji fé sitt til Íslands, og því fylgir ekki mikill kostnaður. Hins vegar er honum skylt sem íslenskum ríkisborgara að telja þetta fé fram til skatts hvort sem það er geymt í Sviss eða hér á landi, þar sem tvísköttunarsamningar eru í gildi milli Íslands og Sviss. Og það þýðir að hann verður að greiða tíu prósent í fjármagnstekjuskatt af vöxtum og verðbótum en þar getur verið um þó nokkra fjármuni að ræða. Miðað við ávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna sem er 3,5 prósent ættu vextir af 200 milljónum að vera sjö milljónir á ári og fjármagnstekjuskattur af þeirri upphæð því 700 þúsund krónur.

Það gæti því gerst eftir allt að Fischer myndi greiða gott betur til íslensks samfélags en það lætur af hendi rakna til hans. **- sþs**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Á FRÉTTASTOFU ÚTVARPS** Nýráðinn fréttastjóri Útvarps, Auðun Georg Ólafsson, mætti óvænt á fréttastofuna í gær. Hann kastaði kveðju á þá sem þar voru, og sést á myndinni heilsa Brodda Broddasyni fréttamanni. Hann kvaðst myndu mæta í dag og hvarf á braut við svo búið. Fréttamenn sögðust í gær ekki ætla að hlýða fyrirmælum hans, enda telji þeir hann umboðslausan.

### Jóhannes Páll II páfi:

## Veitt síðasta sakramentið

**PÁFAGARÐUR** Prestur veitti Jóhannesi Páli II páfa síðasta sakramentið í gærkvöldi. Heilsu páfa hefur hrakað mjög að undanförnu og var prestur kallaður til páfa til að veita honum sakramentið sem kaþólikkum er veitt þegar þeir liggja banaleguna eða glíma við erfið veikindi.

Páfi þjáist af þvagfærasýkingu og háum hita. Fyrir skömmu staðfesti páfagarður að hann fengi næringu í gegnum slöngu þar sem hann gæti ekki nærst með eðlilegum hætti. Heilsa páfa hefur verið mjög bág síðustu tvo mánuði og hefur hann tvívegis verið lagður inn á sjúkrahús í Róm, í fjórar vikur samanlagt. **- bþg**

### Fréttamenn Útvarpsins harðna í afstöðu sinni:

## Lúta ekki boðum nýs fréttastjóra

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Hvorki fréttamenn né aðrir starfsmenn Ríkisútvarpsins líta á Auðun Georg Ólafsson sem fréttastjóra, þótt hann komi hér til starfa,“ sagði Broddi Broddason fréttamaður síðdegis í gær. Aðrir fréttamenn RÚV sem Fréttablaðið ræddi við tóku í sama streng. Þeir sögðu einum rómi að þeir myndu ekki „lúta boðum“ Auðuns Georgs, enda teldu starfsmenn RÚV að hann væri „ umboðslaus“ til þess að gegna starfi fréttastjóra eins og nær 200 manna starfsmannafundur RÚV samþykkti í gær.

Auðun Georg átti fund með Markúsi Erni Antonssyni útvarpsstjóra í gær. Að því búni gekk hann inn á fréttastofu Útvarps og kastaði kveðju á þá sem þar voru staddir. Hann stóð stutt við en hvarf síðan á braut með þeim orðum að hann myndi mæta í dag. Ekki var búið að ganga frá ráðningasamningi hins nýja fréttastjóra síðdegis í gær.

„Við munum gera honum grein fyrir stöðu mála,“ sagði Broddi, spurður í gær um hvernig fréttamenn Útvarps hyggðust taka á móti nýja fréttastjóranum.

G.Pétur Matthíasson fréttamaður sagði eftir starfsmannafundinn í gær, að sú órofa samstaða sem væri á RÚV hefði að miklu leyti myndast í kjölfar ummæla útvarpsstjóra í Kastljósþætti þar sem ráðningin umdeilda var til umræðu, því þar hefði hann ekki bara talað „illa um fréttamenn RÚV, heldur alla starfsmenn.“ **-jss /** **Sjá síðu 4**






## SPURNING DAGSINS

*Eiríkur, var kvörtunin send með flöskuskeyti?*

**"Það var hugmyndin en við ætlum þó að klára flöskuna fyrst"**

Kvartanir Og fjarskipta vegna reglna Samkeppnisstofnunar gagnvart fjarskipta- og fjölmiðlasamsteypum höfðu ekki borist í gær. Eiríkur Jóhannsson er forstjóri Og Vodafone.

Bræðsla HB Granda hugsanlega flutt til Vopnafjarðar:

# Hillir undir lok síldar- og loðnubræðslu í Reykjavík

**FISKVINNSLA** Í athugun er hjá HB Granda að flytja síldar- og loðnubræðslu félagsins úr Örfirisey í Reykjavík til Vopnafjarðar. HB Grandi starfrækir nú þegar fiskimjölsverksmiðju á Vopnafirði eftir sameiningu félagsins við Tanga fyrr á árinu.

Verði af flutningi verksmiðjunnar lýkur síldar- og loðnubræðslu í Reykjavík en slík starfsemi hefur verið rekin í höfuðborginni um áratuga skeið.

Verksmiðjan í Örfirisey var reist í kringum 1950 en bræðsla hófst ekki fyrr en 1965. Fyrir hafði fiskimjölsbræðslan Klettur verið starfrækt í Reykjavík en þar var bræðslu hætt 1993. Mörgum er reykháfur Klettsverksmiðjunnar við Sundahöfn enn í fersku minni en hann var felldur fyrir nokkrum árum.

Lykt, sem sumir kalla fýlu, lagði í eina tíð af bræðslunni í Örfirisey og bárust fyrirtækinu kvartanir frá borgurum auk þess sem fullyrt var að hún fældi ferðamenn frá Reykjavík. Aukinn mengunarvarnabúnaður hefur snardregið úr þessari óáran.

HB Grandi rekur líka beinabræðslu í Örfyrisey en ekki eru uppi áform um að flytja hana.

- bþs



**BRÆÐSLAN Í ÖRFIRISEY**
Síldar- og loðnubræðsla í Reykjavík heyrir að líkindum senn sögunni til.

Umferðarslys:

# Snáði ekur á systur sína

**NOREGUR** Betur fór en á horfðist þegar þriggja ára snáði í Þrándheimi tók fjölskyldubílinn traustataki og ók yfir fimm ára gamla systur sína á þriðjudaginn. Telpan hlaut aðeins minniháttar áverka, beinbrot og nokkrar skrámur.

Að sögn Aftenposten voru tildrög slyssins þau að hnokkinn steig upp á skógrind og teygði sig þannig í bíllyklana sem héngu á vegg.

Því næst settist hann bak við stýrið á fjölskyldubílnum og setti í gang. Við ræsinguna kastaðist bíllinn á systurina þar sem hún rólaði sér í sakleysi sínu. ■

MYND/VÍKURFRÉTTIR/HILMAR BRAGI



**KISA Í VANDA**
Aflífa þurfti köttinn sem lenti í illa frágenginni gildru í grjótgarði við Innri-Njarðvík í gær.

Gildra nærri byggð:

# Köttur lenti í minkagildru

**REYKJANES** Aflífa þurfti kött sem fannst fastur í fótbogagildru í Innri Njarðvík. Gildran var fest milli steina stutt frá mannabyggð þar sem algengt er að börn séu að leik.

Lögreglan í Keflavík segir ekki leyfilegt að leggja gildrur svo nálægt mannabyggð og þá skipti ekki máli hvort rétt sé frá þeim gengið eður ei. Líklegt er að farið verði yfir svæðið til að leita að fleiri gildrum.

Ekki er vitað hver kom gildrunni fyrir en talið líklegt að henni hafi verið ætlað að veiða mink. Lögreglan í Keflavík segir fáa einstaklinga hafa leyfi til að veiða mink og ólíklegt sé að um slíka menn sé að ræða.

- sgi

Sjálfstæðisflokkurinn:

# Landsfundur í október

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn heldur landsfund sinn 13. til 16. október. Fundurinn er sá 36. í sögu flokksins en síðasti landsfundur var haldinn í mars 2003.

Landsfundur kýs formann, varaformann og miðstjórn flokksins. Þar er stjórnmálastefna flokksins jafnframt mörkuð og byggir hún á vinnu 26 málefnanefnda sem leggja fram ályktanir til umræðu og afgreiðslu.

- bþg

# Framkvæmdir stöðvaðar við rússneska sendiráðið

**Framkvæmdir við rússneska sendiráðið hafa nú verið stöðvaðar og beðið er eftir niðurstöðu borgaryfirvalda varðandi byggingarleyfi. Framkvæmdir frá því í desember, er borgaryfirvöld báðu Rússa um að hætta allri vinnu, voru vegna misskilnings í Moskvu.**

**SENDIRÁÐ** Misskilningur rússneskra ráðamanna í Moskvu olli því að sex fjögurra metra stálstöplar voru reistir á grunni nýrrar byggingar í bakgarði rússneska sendiráðsins í trássi við beiðni borgaryfirvalda um að stöðva allar framkvæmdir á lóðinni. Þetta segir Andrei Melnikov, sendiráðsfulltrúi sendiráðs Rússlands á Íslandi.

Rússneska sendiráðið hóf byggingu 400 fermetra húsnæðis sem er sjö metra hátt á lóðinni fyrir aftan sendiráð Rússlands í Garðarstræti 33 án þess að sækja um tilskilin byggingarleyfi hjá Reykjavíkurborg. Í kjölfar athugasemda frá nágrönnum í desember var sendiráðinu gert að stöðva byggingarframkvæmdir á meðan unnið er að deiliskipulagi fyrir svæðið, svo afgreiða megi byggingarleyfisumsókn.

Melnikov segir að öllum framkvæmdum hafi verið hætt fyrir viku. „Yfirmenn í Moskvu héldu að einhver hluti leyfis hefði fengist hjá borgaryfirvöldum og því voru þessir stálstöplar reistir. Um leið og við komumst að því að svo var ekki var öll vinna stöðvuð," segir Melnikov.

Nágrannar sendiráðsins, sem ekki vildu láta nafns síns getið, sögðu Fréttablaðinu að Rússarnir hefðu unnið sleitulaust á byggingarstaðnum allt frá því í september og að þeir hafi gert meira en að reisa stálstöplana frá því í desember.

Melnikov segir að rússnesk yfirvöld hafi staðið í þeirri trú að vandamálið væri fólgið í því byggingin væri of nálægt lóðamörkum. „Borgaryfirvöld óskuðu eftir því að við færðum bygginguna inn á lóðina um að minnsta kosti þrjá metra og að ef svo yrði gert þyrfti sendiráðið ekki að ganga í gegnum svo ítarlega málskynningu. Sendiráðið uppfyllti þessa ósk og færði bygginguna í planinu um 4,9 metra inn í lóðina," segir Melnikov.

Hann segir að rússneska sendiráðið vilji fyrir alla muni eiga góð samskipti við nágranna. „Við viljum búa í sátt við þá og eigum von á því að málamiðlunarlausn verði fundin," segir hann.

Skipulags- og byggingarnefnd tekur málið til umfjöllunar á miðvikudag.

sda@frettabladid.is
jss@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BAKLÓÐ RÚSSNESKA SENDIRÁÐSINS.**
Reistir hafa verið sex fjögurra metra háir stálstöplar á steyptum grunni 400 fermetra húss í bakgarði rússneska sendiráðsins í Garðastræti 33. Nágrannar eru ekki sáttir við fyrirhugaða byggingu og bíða úrskurðar borgaryfirvalda.



**SKÚRAR UNDIR BYGGINGAREFNI.**
Reistir hafa verið fjölmargir skúrar á baklóð sendiráðsins í Garðastræti 33 og 35. Borgaryfirvöld hafa fengið þær skýringar að skúrarnir hýsi byggingarefni.




Borgarstjórn kynnir þriggja ára fjármálaáætlun:

# Skuldir lækka um rúman milljarð

**BORGARMÁL** „Þessu teljum við okkur geta náð á næstu þremur árum þrátt fyrir nýjungar á borð við gjaldfrjálsan leikskóla," segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri en borgaryfirvöld kynntu í gær þriggja ára áætlun um rekstur, fjárfestingar og fjármál borgarinnar.

Þar kemur fram að þrátt fyrir kostnaðarauka vegna ýmissa málaflokka er gert ráð fyrir að skuldir borgarsjóðs lækki um tæplega 1.3 milljarð króna til ársins 2009 og munu þá skuldir þannig lækka um níu prósent frá því sem nú er og verða um 166 þúsund krónur á hvern íbúa.

Í áætluninni er gert ráð fyrir þeirri gjaldfrjálsu leikskóladvöl sem borgarstjóri kynnti nýlega en talið er að kostnaðarauki vegna þess liðar á næstu þremur árum verði um 900 milljónir króna. Kostnaðarauki vegna nýgerðra kjarasamninga við kennara er áætlaður um 1.6 milljarðar.

- aöe

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SKULDIR BORGARINNAR LÆKKA**
Stefnt er að því í áætlun borgarfirvalda fyrir næstu þrjú ár að skuldir borgarsjóðs lækki um 1.3 milljarða.

# Borgaðu sjálfum þér fyrst

## Hugmyndir Davids Bachs fara sigurför um heiminn

**SPARNAÐUR** David Bach er bandarískur sérfræðingur í fjárfestingum sem hefur skrifað fjölda bóka og haldið fyrirlestra um hvernig allir geta orðið efnaðir – óháð því hvað þeir eru með í laun. Samkvæmt kenningum Davids Bachs er grundvöllur þess að safna auði einfaldlega að borga sjálfum sér fyrst. Um hver mánaðamót (sé gengið út frá því að laun séu greidd um mánaðamót) ætti hver og einn að borga sjáfum sér vissa upphæð eða prósentu af laununum, áður en nokkuð annað er gert við þau. Eins segir hann gott að hugsa sér að leggja fyrir laun einnar klukkustundar á dag, það sé ekki til of mikils ætlast að af 8 stunda vinnudegi vinni menn eina klukkustund
...sjálfa. Margir ætla sér að
...af laununum, en eins
...þá er sjaldan,
...vegna
...sér

okkar að eyða því sem við höfum, 10-20% til eða frá skipta ekki meginmáli.

Til þess að hafa sparnaðinn eins sársaukalausan og mögulegt er þarf hann að eiga sér stað sjálfkrafa en ekki með fyrirhöfn. Með einu símtali við þjónustufulltrúa í bankanum getur sparnaðurinn orðið sjálfvirkur, annars er hætta á því að menn gleymi því viljandi að leggja fyrir í einstök skipti. Hver og einn ákveður sjálfur hversu mikið hann vill spara og hversu ört og ef svo ber undir er hægt að draga úr eða auka við sparnaðinn þegar við á.

En það er ekki nóg að spara, það þarf líka að fjárfesta til þess að peningurinn fari að vinna fyrir þig. David Bach er ákafur talsmaður öflugs lífeyrissparnaðar og hvetur fólk til þess að spara eins mikið í lífeyrissjóðum og hægt er. Einnig telur hann nauðsynlegt að eiga annan sjóð en lífeyri, t.d. fyrir húsnæði, bíl, skólagöngu, óvæntum áföllum o.s.frv.
...s vegna er skynsamlegt að fjár-
...með sparnaðinum. Í raun er
...segja hvaða fjárfestingarleið
...ð fer alltaf eftir tilgangi
...og því til hve langs tíma
...mið í sparnaði stuðla
...betra skipulagi og
...n. Í sparnaði sem
...legt að leita til
...hjálp við að
...um.
...up könnun
...ur helm-
...eglulega.
...i á því.
...að allir
...t geri
...ð þó
...lagt
...á er
...eð.
...ss
...að
...fa
...r
...t
...a
...í
...ð
...a
...í
...s.
...u,
...00
...að
...að
...uði,
...kr.
...unar
...þeir
...ng og
...að líta
...og borga
...sér fyrst.



NEW YORK. Sumir borga miklu meira fyrir utanlandsferðir en aðrir, jafnvel ...

# Borgar þú f... York en f... Kau...

## Það er munar... og sleppa við...

**FERÐALÖG** Þótt mönnun...
fyrirsögnin hér að ofan...
öfgafullt dæmi þá er ra...
sumir sem fara í utan...
borga miklu meira fyrir...
jafnvel þó að f...
hótelgisting...
er fólkið sem bo...
í því að borga meira. ...
að það munar gríð...
fjárhæðum ef maður...
ferðinni og þarf því að...
mæta þessum kostnað...

Skoðum dæmi: Vi...
fyrir því að góð helg...
höfuðborg Dana ko...
krónur. Ef hjónin dr...
kostnaði með 17% na...
næstu fjögur ár nemur he...
áður um 284.000 krónur. ...
að vita nema þau hefðu...
New York fyrir þá upphæð...






# Fermingarbörn eyði í sparnað

## Landsbankinn veitir fræðslu og mótframlag

**FERMINGAR** Fátt er ungu fólki jafn hollt og fjármálaráðgjöf. Landsbankinn hvetur alla sem fermast til að eyða hluta af fermingarpeningunum í sparnað og býður upp á ráðgjöf í þeim efnum. Bankinn hvetur fermingarbörnin og forráðamenn þeirra til að panta tíma í ráðgjöf á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Þau fermingarbörn sem þiggja boð um fræðslu fá í kjölfarið 2.000 kr. mótframlag í formi inneignar á Framtíðargrunni frá Landsbankanum.

# a...

## Ný könnun...

**FJÖLSKYLDUTEKJUR** Næ...
fólks, sem er með hærri...
tekjur en 550 þúsund krónur...
uði, leggur ekkert fyrir í reglubundinn sparnað og 17% þeirra eiga ekki krónu í varasjóði til að mæta óvæntum útgjöldum. Niðurstöður nýjustu neyslukönnunar Gallups sýna ennfremur að tekjur virðast ekki skipta öllu máli varðandi sparnað því þriðjungur þeirra sem eru með fjölskyldutekjur undir 250 þúsundum á mánuði sparar reglulega á meðan 44% þeirra sem eru með tekjur yfir 550 þúsundum á mánuði telja sig ekki hafa efni á því að spara. 31% fólks á ekki krónu í sparifé en hins vegar hafa rúm 19% þeirra sem eru með 250 þúsund eða minna í fjölskyldutekjur á mánuði safnað sér varasjóði sem nemur einni milljón króna eða meira.

Lengd menntunar og fjöldi þeirra sem leggja reglulega fyrir virðast haldast í hendur. Þannig spara 38%

...
hlutfalls...
lega, kemur kannski ekki á óvart, heldur frekar sú staðreynd að 47% aðspurðra telja sig geta sparað reglulega, en aðeins 43,8% spara í raun reglulega. Það vekur upp spurningar um hvað hin rúmlega 56% sem ekki spara geta gert til að bregðast við fjárhagslegum áföllum eða öðrum útgjöldum, s.s. fjölskyldufríi, nýjum sófa, bíl o.s.frv.

Landsbankinn telur að fleiri geti sparað reglulega. „Auðvitað verður fólk að sníða sér stakk eftir vexti, en við erum þess fullviss að ráðgjafar okkar geti hjálpað næstum öllum að spara. Orðatiltækið „margt smátt gerir eitt stórt" á við í þessu sem og svo mörgu öðru."



FJÁRFESTINGAR. Það er ekki nóg að spara, það þarf líka að fjárfesta til þess að peningurinn fari að vinna fyrir þig.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 31.03.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,26 | 61,56 |
| Sterlingspund | GBP | 115,20 | 115,76 |
| Evra | EUR | 79,27 | 79,71 |
| Dönsk króna | DKK | 10,64 | 10,70 |
| Norsk króna | NOK | 9,69 | 9,75 |
| Sænsk króna | SEK | 8,67 | 8,72 |
| Japanskt jen | JPY | 0,57 | 0,57 |
| SDR | XDR | 92,37 | 2,93 |

*Gengisvísitala krónunnar*
109,22 -0,21%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Íslendingurinn og skákmeistarinn Bobby Fischer teflir á ný:

# Fischer býður þjóðinni í skák

**SKÁK** Skákmeistarinn Bobby Fischer ætlar að þakka íslensku þjóðinni stuðninginn við sig með því að bjóða landsmönnum í fjöltefli í Vetrargarðinum í Smáralind í dag. Verður það í fyrsta sinn í þrettán ár sem Fischer teflir hefðbundna skák á opinberum vettvangi en síðast gerðist það í einvíginu fræga við Spasskí í Júgóslavíu árið 1992. Sem kunnugt er hefur Fischer þróað eigin tegund skákar og í raun snúið baki við hefðbundinni skák. Hann tefldi þó við samfanga sína í fangelsinu í Japan og kann enn réttu tökin á taflmönnunum.

Sæmundur Pálsson, vinur Fischers, segir gott að hann vilji tefla fjöltefli við Íslendinga og fagnar því sérstaklega að hann vilji tefla hefðbundna skák. „Mér finnst þetta mjög gott hjá honum og held að margir hljóti að taka þátt. Skákin er í miklum blóma á Íslandi, sérstaklega fyrir tilstuðlan Hrafns Jökulssonar sem hefur unnið ómetanlegt starf fyrir skákina,“ segir Sæmundur.

Fjölteflið fer fram í Vetrargarðinum í Smáralind í dag og hefst klukkan tólf á hádegi. Allir eru velkomnir. - bþs



SÆMUNDUR PÁLSSON



BOBBY FISCHER
Ætlar að þakka íslensku þjóðinni stuðninginn við sig með því að bjóða landsmönnum í fjöltefli í Vetrargarðinum.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Tveggja ára dómur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær mann til tveggja ára fangelsisvistar fyrir margvísleg afbrot, þar á meðal líkamsmeiðingar, þjófnað, fíkniefnamisferli og umferðarlagabrot.

Er um síbrotamann að ræða sem hefur hlotið alls 23 dóma fyrir margvísleg afbrot síðustu fjórtán árin og þótti brot hans nú afar ófyrirleitin og sýna einbeittan brotavilja.

Var hann ennfremur dæmdur til greiðslu miskabóta að upphæð 300 þúsund og missi ökuleyfis ævilangt. ■



TERRI SCHIAVO FYRIR ÁFALLIÐ
Michael Schiavo var einn með konu sinni á dánarstundinni en nokkrum mínútum áður hafði hann rekið foreldra hennar á dyr.

Terri Schiavo:

# Hefur kvatt þennan heim

**BANDARÍKIN** Terri Schiavo andaðist í gærmorgun á hjúkrunarheimilinu í Pinellas Park í Flórída. Þar með lýkur sjö ára löngu stríði um örlög hennar sem foreldrar hennar og eiginmaður háðu. Deilurnar náðu hámarki þegar Bandaríkjaforseti blandaði sér í málið.

Terri Schiavo var 41 árs en 1990 skaðaðist hún alvarlega á heila. Síðustu þrettán sólarhringana var hún án næringar.

Foreldrar hennar voru að vonum miður sín og sagði lögmaður þeirra að þau væru afar döpur yfir að hafa ekki fengið að vera hjá dóttur sinni á dánarstundinni. ■

## SVÍÞJÓÐ

**SUNDURHLUTAÐ LÍK Í STOKKHÓLMI** Vegfarendur fundu líkamsparta í ruslapoka sem komið hafði verið fyrir undir brú í Stokkhólmi. Að sögn Aftonbladet vantaði nokkra líkamshluta í pokann til að hægt væri að bera kennsl á líkið. Sænska lögreglan rannsakar málið sem morð.

**SVÍAR Á NIAS-EYJU KOMA Í LEITIRNAR** Tveir Svíar sem saknað var eftir jarðskjálftann við Indónesíu á sunnudaginn eru komnir í leitirnar. Þeir höfðu farið til Nias-eyju til brimbrettaiðkunar og var talið að þeir hefðu farist í hamförunum. Þeir eru hins vegar við hestaheilsu.

# Starfsmenn deila enn hart á útvarpsstjóra

**Nýráðinn fréttastjóri Útvarps er umboðslaus að mati nær 200 starfsmanna Ríkisútvarpsins sem funduðu um komu nýs fréttastjóra. Þar var vantraust samþykkt í þriðja sinn á skömmum tíma á útvarpsstjóra.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** Tæplega 200 starfsmenn Ríkisútvarpsins samþykktu á fundi í gær vantraust á Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra. Starfsmennirnir segja að Markús Örn hafi, ásamt útvarpsráði, tínt til „falsrök, ýkjur og skrök“ til að varpa ryki í augu almennings vegna ráðningar Auðuns Georgs Ólafssonar í starf fréttastjóra Útvarps.

Þetta er þriðja vantrauststillagan sem samþykkt er á útvarpsstjóra vegna málsins, en að hinum tveimur fyrri stóðu fréttamenn Ríkisútvarpsins. Í samþykkt þeirri sem starfsmenn RÚV sendu frá sér eftir fundinn í gær segir að þeir harmi að útvarpsstjóri skuli virða að vettugi ítrekaðar áskoranir fréttamanna og yfirgnæfandi meirihluta annarra starfsmanna RÚV að endurskoða ákvörðun um ráðningu Auðuns Georgs. Með því sýni útvarpsstjóri öllum starfsmönnum stofnunarinnar og því starfi sem þeir vinna vanvirðingu. Fundurinn lýsir vantrausti á útvarpsstjóra vegna framgöngu hans í þessu máli sem hljóti að vekja spurningar um hvort hann hafi í raun hagsmuni RÚV að leiðarljósi.

Við ráðningu Auðuns Georgs hafi útvarpsráð og útvarpsstjóri vikið til hliðar öllum faglegum sjónarmiðum. Falsrök, ýkjur og skrök hafi verið tínd til í þeim tilgangi að kasta ryki í augu almennings.

„Í þessu ljósi telja starfsmenn Ríkisútvarpsins að nýráðinn fréttastjóri sé umboðslaus til þess að gegna því starfi og líta á ráðningu hans, sem hvert annað aprílgabb,“ segir í samþykktinni. „Mæti hann til starfa í Ríkisútvarpinu verði það á ábyrgð útvarpsstjóra eins. Hann einn réð hann og hann einn er þess umkominn að koma í veg fyrir að frekara tjón hljótist af.“

Fundurinn lýsti fullum stuðningi við áframhaldandi baráttu fréttamanna fyrir sjálfstæði fréttastofa útvarps og sjónvarps.

Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri vildi ekki tjá sig um viðbrögð við ályktuninni þegar eftir því var leitað í gær.

jss@frettabladid.is



NÝRÁÐINN FRÉTTASTJÓRI Í HEIMSÓKN
Auðun Georg Ólafsson kom við í Útvarpshúsinu í gær og kastaði kveðju á fólk.



ATKVÆÐATALNING
Jóhanna Margrét Einarsdóttir og G. Pétur Matthíasson, fréttamenn á Ríkissjónvarpinu, með atkvæðaseðla starfsmanna. 178 samþykktu harðorða ályktun, 12 sögðu nei og einn skilaði auðu.




**Austurver**
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

**JL-húsið**
Mán.-fös. kl. 9–21
Helgar 10–21

**Kringlan 1. hæð**
Mán.-mið. kl. 10–18:30,
fim. 10–21, fös. 10–19,
lau. 10–18, sun. 13–17

**Opið lengur**

Lyf & heilsa


## Veðrið

**ERUM UMKRINGD**
Já lægðirnar eru búnar að umkringja landið og því að sjá að hvergi verði mjög sólríkt í dag sem og hitt að búast má við úrkomu hér og hvar um landið þó hún verði yfirleitt lítil nema þó kannski allra austast og norðaustast. Veður fer nú heldur kólnandi og þá einna helst á Vestfjörðum en mildast verður á austanverðu landinu. Þróunin um og eftir helgi bendir til að áfram kólni hægt og rólega og að kuldakastið ná líklega hámarki um miðja næstu viku.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Strekkingur norðvestan til og á Vesturlandi, annars hægari.

### Sunnudagur




Víðast nokkur vindur en þó hægari suðaustan til á landinu.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C léttskýjað | París | 16°C léttskýjað | Mílanó | 14°C léttskýjað |
| Osló | 7°C léttskýjað | Berlín | 11°C skýjað | New York | 13°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 9°C skýjað | Amsterdam | 13°C léttskýjað | San Fransisco | 20°C léttskýjað |
| London | 15°C skýjað | Madrid | 22°C léttskýjað | Orlando | 31°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Eldaðu indverskt um helgina




KITCHEN Guru

## fullkomin máltíð

– allt það krydd sem þarf í réttinn í einum pakka

Nú er komið í sölu nýtt og spennandi krydd, Kitchen Guru.
Galdurinn á bak við vöruna er að í hverjum pakka er nákvæmt magn krydds og einnig nákvæmar leiðbeiningar á hvaða stigi kryddið skal sett út í.
Útkoman er himneskur indverskur matur.

**Njóttu vel.**




43% afsláttur við kassa

TILBOÐ **396** kr/kg
Merkt verð 695,-

**Holta** ferskur kjúklingur í heilu




TILBOÐ **899** kr/kg
Verð áður 1.169,-

**Ferskt** lambalæri
– þú velur beint úr kjötborði

Nýtt í Hagkaupum




**Toro** ótrúlega sniðugt, tilbúinn pakki með öllu sem þú þarft til indverskrar matargerðar




TILBOÐ **269** kr/pk.
Verð áður 298,-

**Naanbrauð**
– ómissandi með indverskum mat

40% afsláttur



TILBOÐ **449** kr/pk.
Verð áður 749,-

**Ben & Jerry´s**
– frábær amerísk ísblanda

Gildir til 6. apríl.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Ertu búin(n) að skila skattskýrslunni?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 62% |
| Nei | 38% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú með yfirdrátt í bankanum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Hjálparstarf á Nias-eyju stendur yfir:

# Brimbrettalæknar fyrstir á vettvang

**INDÓNESÍA, AP** Slæmt veður og erfiðar samgöngur hamla hjálparstarfi á Nias-eyju. Nú er talið að um fimm hundruð manns hafi dáið í jarðskjálftanum á sunnudaginn.

Hjálparstarf stendur yfir á Nias-eyju, vestur af Súmötru, en íbúar þar urðu illa úti í jarðhræringunum. Einna fyrstir á vettvang voru læknar í félaginu SurfAid en þeir höfðu verið á brimbrettum á nálægum slóðum.

Erfiðlega hefur gengið að koma hjálpargögnum til bágstaddra vegna veðurs og erfiðra samgangna en margir vegir skemmdust auk flugvallarins á eyjunni. Eyjaskeggjar hafa margir látið í ljós gremju sína yfir seinaganginum en í gær var dreifingin farin að ganga hraðar fyrir sig.

Enn er verið að bjarga fólki undan braki. Í gærmorgun náðist þrettán ára gömul stúlka á lífi úr rústum fjölbýlishúss, 52 klukkustundum eftir skjálftann.

Indónesísk stjórnvöld skýrðu frá því í gær að 279 lík hefðu fundist og sögðu þau að ólíklegt væri að fleiri en 500 manns hefðu farist. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**LÍTT MEIDD EN ÁHYGGJUFULL**
Yasmina, íbúi í Gunung Sitoli, var þungt hugsi þegar hún hélt á Ramadhan, syni sínum, í gær. Þótt Ramadhan hafi ekki slasast alvarlega þá var systir hans ekki eins heppin, því taka varð af henni annan handlegginn.

Fischer-nefndin:

# Leituðu til sveitarfélaga

**FJÁRÖFLUN** Lítið safnaðist í fjáröflunarátaki Fischer-nefndarinnar fyrir Japansferð þeirra í mars, segir Einar H. Guðmundsson sem sá um fjáröflunina fyrir nefndina. Töluverðar skuldir eru útistandandi eftir Japansferð nefndarinnar en ekki fékkst uppgefið hversu miklar þær eru.

Erindi voru send til nokkurra sveitarfélaga og þar á meðal Reykjavíkurborgar en alls staðar var dræmt tekið í beiðnina. Einar segir að þeir sem styrktu nefndina hafi aðallega verið skákáhugamenn. - sgi

## NOREGUR

**SJÓRÆNINGJAR RÁÐAST Á NORÐMENN** Sjö norsk skip urðu fyrir árásum sjóræningja á síðasta ári. Flest sjóránin voru framin í Austur-Indíum en Gíneuflói suður af Nígeríu þykir einnig varasamur. Að sögn Verdens Gang víluðu ekki litlir flokkar ræningja fyrir sér að ráðast á stór flutningaskip.

**MATVÖRUKAUPMENN ÁSAKAÐIR UM MÚTUÞÆGNI** Matvöruverð er óvíða hærra í heiminum en í Noregi. Nú er hafin rannsókn á viðskiptaháttum á matvörumarkaðnum. Að sögn Dagens Næringsliv eru mörg dæmi um að kaupmenn láti birgjana greiða sér stórfé fyrir að stilla vörum þeirra upp á áberandi hátt en slíkt er ólöglegt.



**ÍBÚÐARHÚSNÆÐI**
Verðskrá fasteignasala miðast oftast við hlutfall af íbúðaverði en nú eru nokkrar fasteignasölur farnar að hafa fasta söluþóknun.

# Tugir kvartana vikulega

**Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, telur að hlutfallstengd þóknun fasteignasala sé tímaskekkja og telur sanngjarnt að taka til dæmis upp tímagjald. Björn Þorri Viktorsson, formaður Félags fasteignasala, neitar að láta hafa nokkuð eftir sér.**

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Samkvæmt lögum eiga fasteignasalar að gera samninga fyrir fram við kaupendur og seljendur um þá þjónustu sem þeir inna af hendi. Sigurður Helgi segir að í þessu sé pottur brotinn og berist Húseigendafélaginu tugir kvartana á viku.

Sigurður Helgi segir að fasteignasalar geti „verið háskalegir á marga lund“. Þeir tali upp fasteignaverðið enda séu það hagsmunir þeirra að fasteignaverð haldist ávallt sem hæst þar sem sölulaunin séu hlutfallstengd.

„Það er ekkert náttúrulögmál að þóknun fasteignasala þurfi að miðast við kaupverð eigna,“ segir hann og telur ekkert til fyrirstöðu að miða við þann tíma og fyrirhöfn sem salan tekur og taka til dæmis upp tímagjald eins og tíðkast hjá mörgum stéttum. „Hagsmunatengdar gjaldskrár hafa verið á undanhaldi hjá flestum sjálfstæðum sérfræðistéttum,“ segir hann.



**SIGURÐUR HELGI GUÐJÓNSSON**
„Það er ekkert náttúrulögmál að þóknun fasteignasala þurfi að miðast við kaupverð eigna.“



**BJÖRN ÞORRI VIKTORSSON**
Formaður Félags fasteignasala, neitar að láta hafa nokkuð eftir sér um þetta mál.

Verðskrá fasteignasala er misjöfn. Á nokkrum fasteignasölum er föst gjaldskrá upp á rúmar 124 þúsund og allt upp í 199 þúsund krónur með virðisaukaskatti og skiptir þá ekki máli hversu stór eignin er. Á einni fasteignasölu er þóknunin eitt prósent en annars taka fasteignasalar 1,5-3,0 prósent af sölu eigna. Virðisaukaskattur bætist svo við.

Misjafnt er hvað er innifalið í þóknun fasteignasala og hvort greiða þurfi umsýslugjald. Í fæstum tilfellum virðist til yfirlit yfir það hvaða þjónusta er innifalin í gjaldinu. Þinglýsingargjald er aldrei innifalið, aðeins snúningar með samninga til þinglýsingar.

Hraði, spenna og óðagot einkennir oft fasteignaviðskipti og það telur Sigurður Helgi að dragi á eftir sér ýmsa vonda dilka. „Menn flýta sér um of undir pressu oftar en ekki frá fasteignasölum og gá ekki að sér. Þess vegna er hrapað til samninga þrátt fyrir lausa enda. Þetta hefur í för með sér eftirmál með tilheyrandi kostnaði og leiðindum,“ segir hann.

Björn Þorri Viktorsson, formaður Félags fasteignasala, neitar að láta nokkuð eftir sér hafa.

ghs@frettabladid.is


## Tölvunám eldri borgara

### Grunnur

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með þolinmóðum kennurum. Aldurstakmark 60 ára og eldri. Á námskeiðinu er markmiðið að þátttakendur verði færir að nota tölvuna til að skrifa texta, setja hann snyrtilega upp og prenta, fara á internetið, taka á móti og senda tölvupóst. Þátttakendur læra að koma sér upp ókeypis tölvupóstfangi.



Kennsla hefst 6. apríl
og lýkur 27. apríl.
Kennt er mánudaga
og miðvikudaga kl 13 - 16.
Verð kr. 19.500,-
Vegleg kennslubók innifalin.

### Framhald I

30 kennslustunda námskeið, hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

- Upprifjun
- Æfingar í Word ritvinnslu
- Leit og vinnsla á internetinu og meðferð tölvupósts.
- Excel kynning

Kennsla hefst 7. apríl og lýkur 28. apríl.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 13 - 16.
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

### Framhald II

30 kennslustunda námskeið ætlað þeim sem lokið hafa fyrra framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilegan grunn og vilja enn meiri þekkingu og þjálfun. Byrjað er á upprifjun og svo er haldið áfram og kafað dýpra með framhaldsæfingum í ritvinnslu, á netinu og tölvupóstinum ásamt Excel. Einnig er fjallað um stafrænar myndavélar og meðferð ljósmynda í heimilistölvunni. Ýmislegt fleira skv. óskum þátttakenda.

Kennsla hefst 7. apríl og lýkur 28. apríl. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16. Verð kr. 17.000,-

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is


Telpa sýnir fádæma hugrekki:

# Fann foreldrana liggjandi í blóði sínu

**BANDARÍKIN** Fimm ára gömul stúlka í New Smyrna í Flórída sýndi fádæma yfirvegun og æðruleysi á mánudaginn við kringumstæður sem flestir hefðu bugast undir.

Tia Hernlen vaknaði við byssuskot síðastliðinn mánudag, fór fram og fann mömmu sína og pabba liggjandi í blóði sínu. Hún hringdi samstundis í neyðarlínuna. „Mamma og pabbi...ég held að það sé byssukúla á gólfinu, það blæðir úr munninum á pabba og hann hefur dottið úr rúminu,“ sagði hún við starfsmann neyðarlínunnar. Því næst rakti hún málsatvik og aðstæður á svo skýran og yfirvegaðan hátt að konan sem hún ræddi við trúði ekki hversu ung hún væri. Hægt er að lesa samtal þeirra í heild sinni á heimasíðu Fox-sjónvarpsstöðvarinnar.

Þegar lögreglan kom á vettvang var móðir Tiu dáin og faðir hennar lést á sjúkrahúsi skömmu síðar. Talið er að fíkniefnasali hafi drepið þau en hann stóð í þeirri trú að foreldrar Tiu hefðu sagt lögreglunni frá iðju hans. Maðurinn stytti sér aldur á heimili sínu síðar um daginn.

Foreldrar Tiu höfðu óttast árás af hendi mannsins og því farið fram á við dómara að öryggi þeirra yrði tryggt með nálgunarbanni. Dómarinn taldi ekki ástæðu til að verða við beiðninni. ■

Kærður fyrir nauðgun:

# Saklaus en engar bætur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær konu af skaðabótakröfu manns sem fór fram á sjö milljóna króna bætur fyrir ærumissi og missi atvinnu og íbúðar eftir að konan sakaði hann um nauðgun.

Starfaði maðurinn sem húsvörður á elliheimili að Sléttuvegi en var gert að segja upp eða vera rekinn ella eftir kæru konunar. Við rannsókn lögreglu kom ekkert í ljós sem sannaði sekt mannsins og fór hann því fram á bætur. Dómurinn komst að því að þar sem kæran hefði farið eftir reglubundnum leiðum hefði verið um frumhlaup hjá hússtjórn að ræða við uppsögn mannsins og konan því sýknuð. ■


Ókeypis hlaupagreining
(adidas footscan)
Hvaða hlaupaskór henta þér?
Mættu í Útilíf Smáralind og láttu
sérfræðing frá adidas skanna fætur þína
föstud. til sunnud. kl. 13 - 17
adidas
ÚTILÍF
SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNN SÍMI 575 5100



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða knattspyrnumaður fékk rauða spjaldið í sínum fyrsta landsleik, gegn Ítalíu?*

2 *Meðal hvaða aldursflokks hafa fordómar í garð útlendinga aukist?*

3 *Hvaða sjávarútvegsfyrirtæki stendur til að afskrá úr Kauphöll?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Ökumaður bifhjóls slasaðist eftir að lögreglubíl var ekið í veg fyrir hann:

# Lögreglumaður dæmdur

**DÓMSMÁL** Lögreglumaður hefur verið dæmdur til að greiða 200 þúsund krónur í sekt og ökumanni bifhjóls 195 þúsund krónur í skaðabætur fyrir að hafa stefnt lífi hans í hættu í lok maí á síðasta ári. Dómurinn féll í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og hyggst lögreglumaðurinn áfrýja dómnum til Hæstaréttar Íslands.

Lögreglumaðurinn var að leita manna á bifhjólum um nótt í maí. Skammt frá bensínstöð Essó á Ægisíðu ók hann lögreglubíl í veg fyrir bifhjól sem var á leið í austur. Dómurinn telur sannað að lögreglubílnum hafi verið ekið á rangan vegarhelming í þeim tilgangi að stöðva bifhjólið. Vegna þessa ók bifhjólið á lögreglubílinn og ökumaður þess kastaðist af hjólinu og yfir bílinn. Hann slasaðist nokkuð við áreksturinn. Eftir slysið hefur hann verið með verki í handlegg, baki, hálsi og höfði og hefur hann þurft að taka bólgueyðandi lyf við þessum meiðslum og gangast undir sjúkraþjálfun.

Um neyðarakstur lögreglubíla gilda sérstakar reglur. Dómurinn telur að lögreglumaðurinn hafi ekki fylgt þeim heldur af stórfelldu gáleysi stefnt ökumanni bifhjólsins í augljósa og verulega hættu.

- th



**VIÐ ÆGISÍÐU**
Lögreglubílnum var ekið inn á rangan vegarhelming við hraðahindrunina skammt frá Essó-bensínstöðinni. Ökumaður slasaðist þegar hann ók á lögreglubílinn.

## AFRÍKA

**FORSETAKOSNINGAR Í MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDINU** Francois Bozize, leiðtogi herforingjastjórnarinnar í Mið-Afríkulýðveldinu, fékk flest atkvæði í forsetakosningunum sem fram fóru á dögunum. Hann fékk þó ekki meirihluta atkvæða og því verður að kjósa aftur á milli hans og Martin Ziguele, en af honum rændi Bozize völdum árið 2003.

**BÖRN Í HER FÍLABEINSSTRANDARINNAR** Ástandið á Fílabeinsströndinni hefur verið ótryggt undanfarna mánuði og hafa stríðandi fylkingar byggt upp heri sína. Að sögn Mannréttindavaktarinnar hefur stjórnarherinn í landinu fengið Líberíumenn í sínar raðir og eru börn þar á meðal. Deilendur ræða nú málin í Suður-Afríku.

## DÓMSMÁL

**60 DAGA FANGELSI** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í gær ungan mann til 60 daga fangelsisvistar fyrir þjófnað og margvísleg fíkniefnabrot. Var tillit tekið til fullrar játningar mannsins en sökum langs brotaferils þótti ekki ástæða til að skilorðsbinda dóm þennan.

**40 DAGA FANGELSI** Annar ungur maður fékk einnig fangelsisdóm fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir ítrekuð brot á fíkniefnalöggjöfinni. Viðurkenndi sá alla sök sína og sætir 40 daga fangelsi fyrir vikið.

## PÁFAGARÐUR

**PÁFINN SEGIR EKKI AF SÉR** Þótt heilsu Jóhannesar Páls II páfa fari stöðugt hrakandi mun hann ekki afsala sér páfadómi. Þetta segir ítalskur sérfræðingur í málefnum Páfagarðs og náinn vinur páfans. Í gær varð að setja slöngu í nef Jóhannesar Páls til að veita honum vökva og næringu.

Sólveig Ólafsdóttir:

# Eins og svart og hvítt

**ZIMBABWE** „Þetta er eins og svart og hvítt,“ segir Sólveig Ólafsdóttir um þingkosningarnar í Zimbabwe í gær, í samanburði við síðustu kosningar sem fram fóru í landinu árið 2002. Það voru forsetakosningar, þar sem stuðningsmenn Roberts Mugabes beittu stjórnarandstæðinga hörðu og hálfgert borgarastríðsástand ríkti. Mugabe hefur setið á forsetastóli allt frá því landið hlaut sjálfstæði frá Bretaveldi fyrir aldarfjórðungi. Hann er nú 81 árs að aldri.

„Andrúmsloftið er allt annað og afslappaðra,“ segir Sólveig, sem var upplýsingafulltrúi Rauða krossins í Harare á tímabilinu 2001-2004. „Mér vitanlega voru engar biðraðir á kjörstöðum núna og fulltrúar úr sendiráðum hér í Harare hafa fengið hindrunarlausan aðgang að kjörstöðum.“ Að sögn Sólveigar er hluta ástæðunnar fyrir rólegheitunum í kring um kosningarnar nú að leita í því að stjórnarandstæðingar hafi varla haft nokkurn vettvang til að heyja kosningabaráttu. Stjórnarflokkur Mugabes hefði verið búinn að loka öllum fjölmiðlum sem hleyptu sjónarmiðum stjórnarandstæðinga að. En fjöldi fólks hefði sótt kosningafundi sem stjórnarandstöðuflokknum MDC hefði tekist að halda á endasprettinum fyrir kosningarnar.

- aa



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR**
Starfaði í Harare 2001-2004.



MYND/AP

**KOKHRAUSTUR VIÐ KJÖRKASSANN**
Robert Mugabe var eldhress þegar hann kaus í gær enda nokkuð viss um hverjar lyktir kosninganna verða.

# Mugabe tryggir sjálfum sér sigur

**Engin hætta er talin á öðru en að flokkur Roberts Mugabe vinni stórsigur í kosningum sem fram fóru í gær enda forsetinn sagður hagræða úrslitum.**

**HARARE** Þingkosningar voru haldnar í Zimbabwe í gær og fóru þær mun friðsamlegar fram en kosningarnar árið 2000. Fáir gera sér hins vegar grillur um að Robert Mugabe, forseti landsins, hafi staðið heiðarlega að framkvæmd þeirra.

Kosið var um 120 þingsæti af 150 en Mugabe skipar sjálfur í þau þrjátíu sem eftir eru. Í síðustu kosningum fékk Lýðræðisfylking Morgan Tsvangirai 57 þingsæti en bróðurparturinn af þingmönnunum kom samt úr ZANU-flokki Mugabe.

5,8 milljónir voru á kjörskrá fyrir þessar kosningar og var kjörsókn í gærdag sæmileg. Best var hún í höfuðborginni Harare en í sveitahéruðum mættu fáir á kjörstað. Fjórðungur kjósenda varð frá að hverfa þar sem fólkið var ekki að finna á kjörskrá eða vantaði skilríki. 3,4 milljónum brottfluttra Zimbabwemanna var meinað að greiða atkvæði utan kjörfundar en flestir þeirra eru taldir stjórnarandstæðingar. Samt var lítið um óeirðir, ólíkt því sem gerðist fyrir fimm árum.

„Ég held að við séum öll sammála um að þessar kosningar geti ekki talist á nokkurn hátt sanngjarnar eða heiðarlegar,“ sagði Tsvangirai þegar hann greiddi atkvæði í gær og virðast flestir óháðir stjórnmálaskýrendur vera á sama máli. Þannig er talið að 800.000 manns sem eru löngu dánir séu á kjörskrá og þeir styðja víst allir ZANU. Erlendir kosningaeftirlitsmenn eru sárafáir í landinu og þeir koma frá löndum hliðhollum Mugabe. Engum eftirlitsmönnum frá Evrópu eða Bandaríkjunum var hleypt inn í landið. Mugabe hefur meira að segja hótað því að fella niður matvælaaðstoð við þau héruð sem kjósa stjórnarandstöðuna.

Mugabe sjálfur var glaður í bragði þegar hann kaus í gær og sagðist eingöngu greiða atkvæði til að gera sigur sinn enn stærri. Hann vísaði ásökunum um svindl á bug. Mugabe er sagður ætla að ná 2/3 hlutum þingsæta til að geta knúið fram stjórnarskrárbreytingar.

Lífskjör hafa snarversnað í Zimbabwe síðustu ár og er landið orðið mjög einangrað á alþjóðavettvangi vegna ógnarstjórnar Mugabe.

Búist er við að úrslit kosninganna liggi fyrir á næstu dögum.

sveinng@frettabladid.is




Fíton/SÍA F011895

YFIRLIT YFIR INNEIGN ÞÍNA OG RÉTTINDI Á VR.IS

Veistu hvaða rétt þú átt?

Þú getur skoðað þína eigin stigaeign í sjóðum félagsins og yfirlit yfir greiðslu félagsgjalda á vefnum. Þú þarft einungis að sækja um lykilorð.

Nánari upplýsingar á www.vr.is

Starf okkar eflir þitt starf

VR



# 5% Gengislækkun

## Veldu nýjan **Focus**

# Nýtt tákn um gæði

*Nýtt verð*

► Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en helstu keppinautarnir. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus. ESP stöðugleikastýrikerfi, TRACS spólvörn, loftkæling og öryggispúðagardínur eru þar á meðal. Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun!

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Ford Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Veldu nýjan Focus - nýtt tákn um gæði..!



*Ford Focus hefur hreppt 1. sæti á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Veldu Ford.*

### Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

| **Kaupverð** | *5 gíra* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6 | **1.790.000 kr.** | **1.884.000 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6 | **1.890.000 kr.** | **1.984.000 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6 | **1.990.000 kr.** | **2.084.000 kr.** |

Ford Focus er heimsmethafi í vinsældum. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst í yfir 4 milljónir eintaka. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum árið 2000 og sem mest selda bíl í heimi, aðeins ári eftir að hann kom fyrst á markað. Samkvæmt afmælisútgáfu Heimsmetabókar Guinness fyrir árið 2005 stendur heimsmetið enn. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford nú annað vinsælasta bílamerkið á Íslandi...og sækir stöðugt á! Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi
TRACS spólvörn
Loftkæling
Stillanlegur hiti í framsætum
Öryggispúðar að framan
Öryggispúðar í hliðum
Öryggispúðagardínur
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
EBA hjálparhemlun
Frjókornasía
Upphitanlegir hliðarspeglar
Rafstilltir hliðarspeglar
Vindskeið að aftan (3d og 5d)
Fjarstýrð samlæsing
Fjölstillanlegt stýri
Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
Fjarstýring fyrir hljómtæki
Aksturstölva og útihitamælir

### Hægt að fá aukalega:

Bluetooth® fyrir síma
AFS Halogen beygjuljós
DVD spilari í lofti og skjár
Fjöltengi fyrir heyrnartól
Kæling í hanskahólfi
Leiðsögukerfi með litaskjá
6 diska Sony hljómtæki
Bakkskynjari
Regnskynjari
Leður- eða sportsæti
Rafdrifið ökumannssæti
Raddstýring fyrir:
- hljómtæki
- síma
- leiðsögukerfi
Aðfellanlegir speglar
Hiti fyrir alla framrúðuna
Sólarvörn í framrúðu
Sportfjöðrun
Sjálfvirkur „dimmer" á baksýnisspegli
Hraðastillir
Rafdrifin sóllúga

BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Brimborgar. 5% Gengislækkun.

**Ford Fiesta**



**Fiesta Trend 5 dyra 1,4i 5 gíra.**
Kaupverð...........1.505.000 kr.
Gengislækkun.......-76.000 kr.
Nýtt verð ...........1.429.000 kr.

**Ford Fusion**



**Fusion Trend 5 dyra 1,4i 5 gíra**
Kaupverð...........1.655.000 kr.
Gengislækkun.......-85.000 kr.
Nýtt verð ...........1.570.000 kr.

**Ford Focus**



**Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra.**
Kaupverð...........1.996.000 kr.
Gengislækkun.....-106.000 kr.
Nýtt verð ...........1.890.000 kr.

**Ford Focus C-Max**



**Focus C-Max Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra.**
Kaupverð ...........1.995.000 kr.
Gengislækkun .....-100.000 kr.
Nýtt verð............1.895.000 kr.

**Ford Mondeo**



**Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i 5 gíra:**
Kaupverð............2.440.000 kr.
Gengislækkun......-122.000 kr.
Nýtt verð.............2.318.000 kr.

**Ford Galaxy 7 manna**



**Galaxy Trend 7 manna 2,0i 5 gíra.**
Kaupverð ...........2.745.000 kr.
Gengislækkun .....-138.000 kr.
Nýtt verð ............2.607.000 kr.



brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: álfelgur.

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR

# Málar, pússar og spaslar



„Ég byrjaði í MA-námi í félagsfræði með áherslu á kynjafræði eftir jól og það er nóg að gera í því," segir Katrín Anna Guðmundsdóttir, talskona Femínistafélagsins og stúdent. Hún kveðst hafa haft það gott um páskana, sem hún varði að mestu leyti við smíðar, en Katrín og maðurinn hennar eru að reisa sér 200 fermetra hús í Grafarholti. „Við skulum segja að ég sé slarkfær smiður," segir hún og hlær. „Ég er mest í því að mála, pússa og spasla en er alveg ágæt með hamar og nagla líka." Katrín býst við að ferðast innanlands í sumar. „Ég og maðurinn minn höfum bæði ferðast mikið erlendis, en þegar við keyrðum hringveginn fyrir þremur árum komumst við að því að það eru alltof margir staðir á landinu sem við eigum eftir að skoða." Ferðin hefst á sumarbústaðarferð í Hrísey en skötuhjúin ætla að sjá hvernig landið liggur í framhaldinu. Grasrótarstarf Femínistafélagsins er líka í fullum gangi. „Við erum að skipuleggja verkefni sem er beint gegn klámvæðingu," segir Katrín Anna. „Hinn 5. apríl ætlum við í félaginu að hittast, en það gerum við mánaðarlega, og rífja upp Peking-ráðstefnuna í tilefni tíu ára afmælis hennar." Svo er aðalfundur Femínistafélagsins á næstu grösum en Katrín Anna segir óráðið hvort hún gefi kost á sér áfram sem talskona félagsins.

## HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



**ÍSLENSKT RÍKISFANGSBRÉF**
kostar 1.350 krónur

## SJÓNARHÓLL
**ÚTBREIÐSLA FUGLAFLENSU**



**SIGURÐUR SVEINSSON**

### Á varðbergi

„Verður maður ekki að hafa smá áhyggjur þegar maður heyrir af svona faraldri út í heimi, en Ísland er nokkuð einangrað land og því kannski minni líkur en ella að þetta berist hingað," segir Sigurður Sveinsson handboltaþjálfari aðspurður hvort hann óttist fuglaflensufaraldur.

Fuglaflensa hefur verið mikið í fréttum upp á síðkastið og telur Sigurður að ekki megi sofa á verðinum. „Það hlýtur að koma að því fyrr eða síðar að það geysi skæð farsótt um heiminn. Það er orðið langt síðan það gerðist síðast. Það er kannski rétt að yfirvöld séu á varðbergi þegar fólk kemur hingað frá löndum þar sem flensan hefur greinst, en það er ekki ástæða til stórtækra aðgerða." Hann kveðst þó ekki svo líf-hræddur að hann byrji að ganga með grímu fyrir vitum sér á almannafæri. Sjálfur er Sigurður heilsuhraustur maður og tekur ekki oft sótt að eigin sögn.

# Stefna á Wembley að ári

**Stuðmenn voru í essinu sínu á tónleikunum í Royal Albert Hall á skírdag. Þeir voru hins vegar ekki eina íslenska hljómsveitin sem þar lék um kvöldið því Hundur í óskilum hitaði upp.**



**HUNDUR Í ÓSKILUM** Eiríki G. Stephensen og Hjörleifi Stephensen er margt til lista lagt eins og sjá má á þessari mynd en því miður ekki heyra.

„Stuðmenn höfðu einhvern tíma heyrt í okkur og hrifist af. Þeir báðu okkur alla vega að hita upp fyrir sig og við slógum til," segir Eiríkur G. Stephensen, skólastjóri í Hrafnagilsskóla og annar helmingur dúettsins Hundur í óskilum, um það hvernig það atvikaðist að þeir voru fengnir til að hita upp fyrir Stuðmenn í Royal Albert Hall.

Hinn helmingur dúettsins er Hjörleifur Hjartarson, kennari við Húsabakkaskóla í Svarfaðardal. Saman hafa þeir Eiríkur skemmt sér og öðrum í um áratug og eru þekktir fyrir nýstárlegar útfærslur á þekktum slögurum. Hróður Hunds í óskilum hefur borist víða og þetta var ekki í fyrsta skipti sem þeir kumpánar troða upp í útlöndum. „Við höfum spilað á þorrablótum Íslendinga í Bandaríkjunum, Danmörku og Noregi en þetta hlýtur að teljast okkar stærsta gigg hingað til," segir Eiríkur. Hjörleifur tekur undir það. „Það var mjög skemmtilegt að spila þarna en nú er spurning hvað tekur við. Við erum að spá í að taka stefnuna á Wembley að ári, það held ég að sé rökrétt framhald."

Þrátt fyrir kokhreystina eru Eiríkur og Hjörleifur auðmjúkir menn og breyttu nafni dúettsins í virðingarskyni við bakhjarla tónleikana. „Við héldum aðalfund í flugvélinni á leiðinni út og nú heitum við Hundur í óskilum Group. Það má skilja það á ýmsan veg."



**Í NÁVIST MIKILMENNA** Elísabetu Englandsdrottningu líkaði návist Eiríks ekki sérlega illa.

Þótt útlönd kalli þurfa Íslendingar ekki að óttast að missa Hund í óskilum af landinu alveg strax því þeir eru með margt á prjónunum. Framundan er vikulangur túr í grunnskóla á Vestfjörðum. „Við reynum samt lítið að trana okkur fram," segir Eiríkur. „Við yrðum þreyttir á því til lengdar og gerum þetta svo lengi sem við höfum gaman af." Hjörleifur bætir við að þeir félagarnir eigi sér þann draum að taka þátt í Eurovision. „Við erum löngu búnir að æfa atriði og hanna búninga, sem við erum reyndar byrjaðir að vaxa upp úr. En það er aldrei of seint. Danir sendu miðaldra kennara í Eurovison um árið og sáu ekki eftir því."

**bergsteinn@frettabladid.is**






Anna Linda Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður:

# Býður sig fram í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**ANNA LINDA BJARNADÓTTIR** Vill yngja upp í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Anna Linda Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður gefur kost á sér til setu í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Væri það vart í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að mótframboð gegn sitjandi stjórnarmönnum í lífeyrissjóðum eru fátíð og sérstaklega er sjaldgæft að konur bjóði sig fram til slíkra starfa. Hópar kvenna hafa þó lýst yfir vilja til að taka sæti í stjórnum fyrirtækja og lífeyrissjóða að undanförnu – án mikils árangurs.

Ein kona, Ásdís Eva Hannesdóttir, situr fyrir í stjórninni og gætu þær því orðið tvær að afloknum ársfundi sjóðsins sem haldinn er á Nordica hóteli síðdegis á mánudag. Samkvæmt nýlegri athugun sitja tvær konur á móti hverjum átta körlum í stjórnum lífeyrissjóðanna.

„Mér finnst vanta nýtt blóð í stjórnina, fulltrúa yngri sjóðfélaga," segir Anna Linda sem finnst núverandi stjórn ekki endurspegla breidd sjóðfélaganna sem eru rúmlega 30 þúsund.

Anna Linda hefur rekið eigin lögmannsstofu í tæp fjögur ár og býr meðal annars að framhaldsnámi í skattarétti.

**- bþs**

# Settu þig í stellingar fyrir betri svefn



TEMPUR

ÁRA ÁBYRGÐ 11 á rafmagnsbúnaði

ÁRA ÁBYRGÐ 15 á dýnu

## AF HVERJU GRAVITY ZERO?

- Gravity Zero er öflugasti stillanlegi botninn fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur og þú nýtir ljósið á náttborðinu.
- Lyftigeta er 4 sinnum meiri en öflugustu botnar sem eru í boði í dag, meiri krafur, hljóðlaus, meiri hraði.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni, ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- 3mm hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðastillir á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótor er prófaður og viðurkenndur sem læknatæki frá Nemko - Germany.
- Botn m/ 2 nudd mótorum og tímarofa.






Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér. Með stillanlegu rúmunum frá Tempur er allt gert til þess að hjálpa þér að ná hámarks slökun og þannig dýpri og betri svefni.

www.design.is @ 2005

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

**UPPTAKA EVRUNNAR:** KOSTIR OG GALLAR

## Kostir

**Sameiginlegt viðskiptaumhverfi** með helstu viðskiptalöndum (eink- um ef Bretland, Danmörk og Noregur taka líka upp evru);

**Nafngengissveiflur** milli Íslands og evrusvæðis hverfa;

**Verðlag verður gegnsærra** – neysluvörur lækka í verði;

**Hagvaxtargrunnur styrkist** – verður hluti af miklu stærra hagkerfi og viðskiptalífi;

**Veitir aðgang að stærri og „dýpri“ fjármálamarkaði;**

**Viðskipti á sameiginlegu svæði stóraukast;**

**Vöxtur utanríkisviðskipta gæti aukið landsframleiðslu** á mann varanlega um nokkur prósentustig;

**Viðskiptakostnaður lækkar;**

**Jafnvægisvextir ættu að lækka;**

**Samþætting í atvinnulífi eykst** – sérhæfing, hagræðing og samkeppnishæfni aukast.



## Gallar

**Myntbandalagsaðild fæst ekki nema með fullri aðild að ESB;**

**Samleitni hefur skort** milli hagsveiflunnar á Íslandi og kjarna evrusvæðisins;

**Staðbundnar sveiflur í efnahagslífinu verða óvarðar,** þar sem peningamálastefnan sem hér mun gilda miðast við meðalhagsveifluna á öllu evru-svæðinu;

**Boðleiðir verða lengri** – kostir smásamfélagsins dvína.

**Heimildir: www.sedlabanki.is, www.si.is**

360 gráður

## SPURT OG SVARAÐ

SNJÓLEYSI OG HLÝINDI

### *Ísland er víst skíðaland*

Skíðavertíðir hérlendis farið forgörðum nánast árum saman vegna hlýinda og umhleypinga með tilheyrandi snjóleysi. Guðmundur Karl Jónsson er forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli við Akureyri.



GUÐMUNDUR KARL JÓNSSON

**Er Ísland enn skíðaland?**
Ísland hefur upp á margt að bjóða sem skíðaland og skíðasvæðin hér eru ekkert síðri en í Skandinavíu til dæmis. Vandi Íslendinga á þessu sviði liggur í því að við erum 20 árum á eftir helstu skíðasvæðum í Evrópu í uppbyggingu og tæknivæðingu.

**Hvað vantar?**
Fjöllin hér hafa upp á svipaðar aðstæður að bjóða í hæð og fjölbreytileika í brekkum, en það sem okkur vantar eru betri lyftur og tæki til að framleiða snjó. Þróunin í veðráttunni hérlendis undanfarin ár er lík því sem gerðist á meginlandi Evrópu fyrir 20-25 árum. Og þá var snjóframleiðsla einfaldlega tekin upp. Ég er hræddur um að skíðasvæðin í Ölpunum væru lítilfjörleg ef ekki kæmi til framleiðsla á snjó.

# Krónan er minnsti sjálfstæði gjaldmiðillinn

**Ummæli Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra um að gengissveiflur íslensku krónunnar hlytu að kalla á að upptaka evrunnar hérlendis yrði skoðuð hefur endurvakið umræðu um kosti og galla aðildar Íslands að evrópska myntbandalaginu.**



**FRÉTTASKÝRING**
EVRAN OG ÍSLAND

**AUÐUNN ARNÓRSSON**
BLAÐAMAÐUR

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði á ársfundi Seðlabanka Íslands á miðvikudag að þegar gengissveiflur íslensku krónunnar væru brotnar til mergjar hlyti að koma til skoðunar hvort taka ætti upp evruna hér á landi. Með þessu vekur Halldór upp umræðu sem staðið hefur yfir með hléum í nær áratug, eða frá því fyrir lá að stór hluti utanríkisviðskipta Íslands yrði við lönd sem nota nýju Evrópumyntina.

Halldór sagði í erindi sínu að Íslendingar gyldu þess hversu íslenski fjármálamarkaðurinn væri lítill í samanburði við alþjóðamarkaðinn. Tiltölulega litlar fjármagnshreyfingar inn og út úr landinu gætu skapað miklar sveiflur í gengi krónunnar.

**Skilar meiru en fast gengi**

Ísland er minnsta landið í heiminum með sjálfstætt fljótandi gjaldmiðil. Eins og Þórarinn G. Pétursson, staðgengill aðalhagfræðings Seðlabanka Íslands, sagði í fyrirlestri 3. febrúar síðastliðinn er spurningin um kosti og galla þess að hafa sjálfstæða mynt eða taka upp mynt stærra efnahagssvæðis mjög þýðingarmikil fyrir Ísland. Vægi vöruviðskipta Íslands við evru-löndin tólf hafa verið að aukast. Þau námu tæplega 30 prósentum af heildarutanríkisviðskiptum árið 1970 og eru nú rúm 40 prósent. Ákveði ESB-ríkin þrjú sem standa utan evrunnar að ganga í myntbandalagið eykst hlutdeild viðskipta Íslands við evrusvæðið í yfir 60 af hundraði. Ef Noregur skyldi líka bætast í hóp evru-landa hækkar þetta hlutfall í tæp 70 prósent.

Helstu hagfræðilegu rökin fyrir sameiginlegri mynt er að hún eyðir nafngengissveiflum innan myntsvæðisins, hún dregur úr viðskiptakostnaði í alþjóðaviðskiptum og eykur gagnsæi í viðskiptum milli landa. Hún gerir ennfremur alþjóðleg viðskipti við lönd utan myntsambandsins auðveldari með því að opna aðgang að dýpri og þróaðri innlendum fjármálamarkaði.

Þannig segir Þórarinn að áhrif sameiginlegrar myntar séu líklega mun víðtækari en áhrif fasts gengis. Rannsóknir hafi sýnt að aðild að myntbandalagi auki viðskipti til muna, án þess að draga úr viðskiptum út fyrir sameiginlega myntsvæðið.

**Hagsveiflan ekki í takt**

Hagfræðingar hafa einnig bent á galla sem fylgt geta aðlögun lítils þjóðhagkerfis eins og þess íslenska að stóru myntsvæði eins og evrópska myntbandalaginu. Oftar en ekki sé hagsveiflan hér ekki í takt við hagsveifluna í stóru evrulöndunum. Peningamálastefnan á evrusvæðinu miðist þannig við aðrar aðstæður en hér ríki (þetta er gallinn við það sem kallað er á ensku „one-size-fits-all“ á stóru sameiginlegu myntsvæði). Hins vegar hefur reynslan sýnt að eftir því sem viðskipti aukast milli landa innan myntsvæðisins eykst samleitni hagsveiflnanna.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**EVRU-AÐILD SKOÐUÐ** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í ræðustól á ársfundi Seðlabankans á miðvikudag.

Stjórnun íslenskra peningamála er að mestu í höndum Seðlabanka Íslands. Helsta hagstjórnartækið sem Seðlabankinn ræður yfir er ákvörðun stýrivaxta. Bankinn hefur það yfirlýsta meginmarkmið að stuðla að stöðugleika í þróun verðlags. Stöðugleiki í þróun gengis er þannig ekki markmiðið, en þetta tvennt – verðbólgan og gengið – er nátengt. Verðbólga er spegilmynd af bólgumarkmiðinu eykur að sögn sendinefndarmanna líkurnar á hækkun raungengis – ef miklu hærri vextir eru á krónumarkaði en í helstu viðskiptalöndum ýtir það undir innstreymi gjaldeyris sem ýtir gengi krónunnar upp – en þetta muni draga úr samkeppnishæfni og ýta enn frekar undir ójafnvægi í hagkerfinu. Því meira ójafnvægi sem myndist, þeim mun harkalegri gæti aðlögun orðið. Sérstaklega eigi þetta við þegar innflæði fjármagns tengdu stóriðjuframkvæmdunum

> Efnahags- og myntbandalag Evrópu, EMU, varð að veruleika í ársbyrjun 1999, með stofnþátttöku ellefu Evrópusambandsríkja. Nú eru evrulöndin tólf talsins og borgarar þeirra hafa haft evrumynt og -seðla í vösunum frá því í ársbyrjun 2002. Öll hin tíu nýju aðildarríki sambandsins stefna að því að taka upp evruna eins fljótt og þeim tekst að uppfylla efnahagslegu skilyrðin fyrir því, en þrjú þeirra – Bretland, Danmörk og Svíþjóð – hafa fram til þessa hvert á sínum forsendum kosið að standa utan við myntbandalagið.

eigin verðmæti gjaldmiðilsins. Gengishækkanir, sem geta tengst hækkun stýrivaxta, geta komið þungt niður á útflutnings- og samkeppnisgreinum íslensks atvinnulífs. Eins og Jón Sigurðsson seðlabankastjóri benti á í erindi 3. mars síðastliðinn, er í umræðum um vexti og gengi ástæða til að minna á að sitt er hvað nafnvextir og raunvextir, nafngengi krónunnar eða þróun raungengis. Með þeim stjórntækjum sem Seðlabankinn hefur yfir að ráða getur hann lítið gert til jöfnunar gengissveiflna, enda er slík sveiflujöfnun strangt til tekið ekki í verkahring hans.

**Aðvörunarbjöllur**

Í áliti sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem heimsótti Ísland í lok október sem leið segir, að vaxandi eftirspurnarþrýstingur og versnandi verðbólguhorfur vegna hans kalli á hert aðhald í peningamálum í komandi tíð. Að reiða sig á skammtímavexti eingöngu til að sporna gegn eftirspurnarþrýstingnum og ná verðlýkur, en það gæti leitt til snarprar lækkunar á gengi krónunnar og mikils samdráttar í hagkerfinu.

Þetta eru aðvörunarbjöllurnar sem urðu forsætisráðherra tilefni til að vekja máls á því á ársfundi Seðlabankans að Íslendingar skoðuðu möguleikana á upptöku evrunnar.

Halldór tók þó fram að hann væri ekki að segja að upptaka evrunnar myndi leysa öll vandamál. Aðspurður bætti hann við, að hann teldi lítt fýsilegt fyrir Ísland að taka evruna upp einhliða; það væri ekki ráðlegt nema með því að ganga í Evrópusambandið, sem væri hins vegar ekki á stefnuskrá sitjandi ríkisstjórnar.

Í einhliða upptöku evrunnar fælist í raun ekki mikið meira en að ákveða að fasttengja gengi íslensku krónunnar við evruna. Ísland ætti þá ekki aðild að Seðlabanka Evrópu, ECB, í Frankfurt og vaxtastig hér yrði áfram hærra. Danir fylgja í raun fastgengisstefnu gagnvart evrunni, og sum nýju ESB-aðildarríkjanna gera það einnig nú þegar. ■




**Listahátíð í Reykjavík** 2005 14. maí – 5. júní




# Miðasalan hefst í dag

## kl. 12:00 í Bankastræti 2

### Á hátindi ferils síns
Mezzósópransöngkonan **Anne Sofie von Otter**, sem er meðal dáðustu söngkvenna samtímans, heldur tónleika ásamt píanistanum Bengt Forsberg. Háskólabíói 4. júní.
**Miðaverð**: kr. 5.900 / 5.500

### Tónlistarkraftaverk
Huun Huur Tu er eitt helsta tónlistarkraftaverk samtímans. Viðburður sem enginn tónlistarunnandi má missa af. Tvennir tónleikar í Nasa við Austurvöll 15. og 16. maí.
**Miðaverð**: kr. 3.200

### Beethoven í botn
Í fyrsta sinn í aldarfjórðung verða sónötur Beethovens fyrir píanó og fiðlu fluttar í heild sinni á Íslandi. Flytjendur eru Sigrún Eðvaldsdóttir konsertmeistari og Gerrit Schuil píanóleikari. Þrjá sunnudaga í röð kl. 11:00 f.h. Í Ými,15., 22., og 29. maí.
**Miðaverð**: kr. 2.500.
Á alla þrenna tónleikana: kr. 5.500

### Endurkoma glæsileikans
Hin glæsilega portúgalska fadosöngkona Mariza, sem fyrir nokkru hlaut BBC-verðlaunin fyrir heimstónlist, hefur unnið hug og hjörtu heimsbyggðarinnar. Tvennir tónleikar á Broadway 27. og 28. maí.
**Miðaverð**: kr. 3.500 / 3.200

### Perlur úr hreinum sirkustöfrum
**Gústi trúður** og sirkusinn **Cirque** slá upp stóru sirkustjaldi á Hafnarbakkanum í samstarfi við Hátíð hafsins og **Símann**. Dagana 2., 4., 5. og 6. júní. **Miðaverð**: kr. 2.000 fyrir börn / 3.000 fyrir fullorðna

### Bergmál Ragnhildar Gísladóttur
Einn þekktasti slagverksleikari Japans, Stomu Yamash'ta tekur þátt í frumflutningi á mögnuðu nýju tónverki eftir Ragnhildi Gísladóttur, Bergmáli, við texta Sjóns.
Þátt taka m.a. Sigtryggur Baldursson og tveir barnakórar. Í Skálholtsdómkirkju 21. maí og Langholtskirkju 24. maí. **Miðaverð**: kr. 2.200 fyrir börn/fyrir fullorðna 3.000

### Tær snilld
Lady and Bird eða Barði og Keren Ann, sem er ein skærasta poppstjarna Frakka í dag, flytja verkið sem frumflutt var í Amerísku kirkjunni í París í haust við frábærar viðtökur. Aðeins einir tónleikar. Í Íslensku óperunni 28. maí.
**Miðaverð**: kr. 2.500

### Undraverðir hæfileikar
Pacifica er talinn einn fremsti kvartett Bandaríkjanna í dag og er sagður búa yfir undraverðum hæfileikum, krafti og metnaði. Tvennir tónleikar í Íslensku óperunni 28. og 29. maí og einir á Ísafirði 4. júní. **Miðaverð**: kr. 3.200

### Víóluhátíð á Listahátíð
**Tónleikar með Garth Knox** víóluleikara og víóluleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands í samvinnu við Víólufélag Íslands.
Frumflutt verða ný verk eftir Hafliða Hallgrímsson og Daníel Bjarnason. Í Ými 3. júní.
**Miðaverð**: kr. 2.500

### 20 sýningarstaðir um allt land
**Passar sem gilda á allar myndlistarsýningar Listahátíðar í Reykjavík, 14. maí til 5. júní verða til sölu frá og með 1. maí.**
**Verð: kr. 1.000**

KB BANKI
Aðalstyrktaraðili myndlistarþáttar Listahátíðar í Reykjavík 2004

**Miðasala Listahátíðar í Reykjavík**
Bankastræti 2 / sími 552 8588

**Heildardagskrá liggur frammi**

**Aðrir viðburðir á Listahátíð**
**Tónleikar Yuri Bashmet** víóluleikari og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Háskólabíói 2. júní
**Danshátíð á Listahátíð** í samvinnu við Íslenska dansflokkinn í Nasa og Borgarleikhúsinu, 27. og 29. maí
**Mynd á þili** í Þjóðminjasafninu opnar 16. maí
**Autobahn**, fjögur þýsk leikrit í Borgarleikhúsinu 16. og 17. maí

**Miðsala opin** virka daga kl. 12-18. Opið um helgina kl. 12-16.

**www.listahatid.is**

EIMSKIP
Radisson SAS


Rafhlöðurakvélin
Rafdrifin og handhæg
Gillette MACH3
RAF HLAÐA
POWER rakvél
999 KR.
sem sló í gegn!
ATHUGIÐ AÐ MAGN AF FERSKUM BÓNUS KJÚKLINGABRINGUM ER TAKMARKAÐ
EÐA 4.5 TONN
EKKERT BRUÐL
Verðöryggi
KJÚKLINGA BRINGUR
Ferskar Bónusbringur
1259 kg KR.
BÓNUS
Kjúklingabringur
FERSKAR
16 töflur
8 KRÓNUR TAFLAN
finish
129 KR.
KASSI MEÐ 16 TÖFLUM
UPPÞVOTTAVÉLATÖFLUR
KOFAREYKT
Sveita BJÚGU
KJARNAFÆÐIS SVEITABJÚGU
299 KÍLÓVERÐ KR.
Bónus
2 þurrkur í pakka
ÓTRÚLEGT VERÐ!
410mm - 16"
450mm - 18"
480mm - 19"
510mm - 20"
550mm - 22"
Fást í öllum Bónusverslununum
EKKERT BRUÐL
Top Net
FRÁBÆRAR SÓSUR MEÐ KJÚKLINGUNUM, HRÍSGRJÓNUNUM OG Í ALLS KYNS RÉTTI
INDVERSKAR SÓSUR
149 475g KR.
ROGAN JOSH
KORMA
FROSINN FRÁ KS
Lamba HRYGGUR
EKKERT BRUÐL
FROSINN LAMBAHRYGGUR
899 kg KR.
...fyrir góðan dag!
4 bílamottur
1499 KR.
4 UNIVERSEL bílamottur
INDVERSKAR SÓSUR
149 475g KR.
SWEET N SOUR
MADRAS
25% afsláttur við kassann
BÓNUS
Kjúklingabitar
FERSKIR
BLANDAÐIR BITAR
269 KÍLÓVERÐ KR.
25% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 359kr.
BÓNUS KJÚKLINGUR
Skynsemin velur Bónus
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS


frá upphafi!
Hunangsreyktar
GRÍSAKÓTELETTUR
VILLI GRILLSNEIÐAR KF
599
KÍLÓVERÐ KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 998kr.
Villikryddaðar
GRILLSNEIÐAR
40%
afsláttur
við kassann
GRÍSAKÓTELETTUR
899
KÍLÓVERÐ KR.
Spar Grís
býður betur!
LAMBASTEIK
VILLI LAMBASTEIK
1099
kg
KR.
Hrá Salat
Kartöflu Salat
99
350g KR.
PESTO LAMBASTEIK
1099
kg
KR.
PESTO
LAMBASTEIK
Súkkulaði Ís 2
BÓNUS
TVEIR LÍTRAR
189
KR.
Vanillu Ís 2
BÓNUS
59
LÍTRI KR.
EPLA
SAFI
...sá hreini
BEINLAUSAR
Lamba
STEIKUR
Hamborgarar fyrir alla!
-eins og hver vill...
10 stykki 115g hamborgarar
999
KR.
BÓNUS
BÓNUS
UNG
naut
Frábært úr frystinum
Tilboðin gilda til sunnudags 2. apríl -eða á meðan birgðir endast
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Ríkisútvarpið logar stafnanna á milli.

## Á ábyrgð Sjálfstæðisflokksins

Mikið óskaplega er sorglega komið fyrir Ríkisútvarpinu. Í gær samþykktu 93,2 prósent starfsmanna stofnunarinnar vantraust á útvarpsstjóra sinn, Markús Örn Antonsson, út af ráðningu á manni sem hyggst hefja þar störf í dag, þrátt fyrir að morgunljóst sé að hann er alls ekki velkominn í húsið. Af hverju er svona komið?

Ábyrgðin hlýtur fyrst og fremst að liggja hjá Sjálfstæðisflokknum sem hefur farið með ráðuneyti menntamála, sem Ríkisútvarpið heyrir undir, síðastliðin fjórtán ár.

Nú stendur yfir fjórða kjörtímabilið í röð þar sem menntamálaráðherra kemur úr Sjálfstæðisflokknum. Mætti ætla að á þeim langa tíma hefði gefist rúmt tækifæri til þess að skapa sátt um umfang og rekstur Ríkisútvarpsins sem þorri þjóðarinnar hefur viljað viðhalda með einhverjum hætti. En því er aldeilis ekki að heilsa. Þvert á móti hefur grímulaus eiginhagsmunagæsla Sjálfstæðisflokksins grafið svo undan stofnuninni að 178 starfsmenn hennar samþykktu í gær ályktun þar sem var sagt að meirihluti útvarpsráðs, skipaður fulltrúum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hefði ásamt útvarpsstjóra sett fram „falsrök, ýkjur og skrök“ til að réttlæta ráðningu Auðuns Georgs Ólafssonar í stöðu fréttastjóra útvarps. Og í síðustu viku töldu fréttamenn ástæðu til að birta heilsíðuauglýsingu í dagblöðum sem sagði nánast beinum orðum að fréttum fréttastofunnar yrði ekki treystandi ef Auðun tæki við stjórn hennar. Þetta er auðvitað skelfileg staða en mun þó örugglega versna til muna þegar nýi fréttastjórinn stimplar sig inn í fyrsta skipti í dag.

> Við skulum ekki gleyma því að embætti útvarpsstjóra hefur ekki einu sinni heldur tvisvar á valdatíma Sjálfstæðisflokksins í menntamálaráðuneytinu verið notað til að leysa innanbúðarvandræði flokksins og kemur Markús Örn Antonsson við sögu í bæði skiptin.

Við skulum ekki gleyma því að embætti útvarpsstjóra hefur ekki einu sinni heldur tvisvar á valdatíma Sjálfstæðisflokksins í menntamálaráðuneytinu verið notað til að leysa innanbúðarvandræði flokksins og kemur Markús Örn Antonsson við sögu í bæði skiptin. Fyrst þegar hann var sóttur í Ríkisútvarpið sumarið 1991, þegar þurfti að leysa foringjakrísu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík við brotthvarf Davíðs Oddssonar úr stóli borgarstjóra til annarra starfa, og aftur þegar hann var sendur til baka upp í útvarp tæpum þremur árum síðar en þá var orðið fullreynt að hann var ekki framtíðarfyrirliði borgarstjórnarflokksins.

Það er því ekkert skrítið að 93,2 prósent starfsmanna Ríkisútvarpsins spyrji í ályktun sinni hvort Markús Örn „hafi í raun hagsmuni RÚV að leiðarljósi“ þegar hann kýs að halda ráðningu fréttastjóra til streitu. Auðvitað hefur hann þá ekki. Hann hefur hagsmuni þeirra sem settu hann í starfið að leiðarljósi og þar með hagsmuni síns sjálfs. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Með ólíkindum

Með ólíkindum var að lesa hér í blaðinu í gær um framferði rússneska sendiráðsins í Reykjavík í byggingarmálum á lóð sinni við Garðastræti. Allar reglur hundsaðar, nágrönnum, borgaryfirvöldum og utanríkisráðuneyti gefið langt nef. Dettur einhverjum í hug að yfirvöld í Moskvu mundu láta svona framferði yfir sig ganga? Að Íslendingar eða aðrar þjóðir kæmust upp með sams konar háttalag í Rússlandi? Er ekki kominn tími til að Davíð kveðji sendiherrann á teppið?



### Merktar fréttir

Stjórnendur Morgunblaðsins eru greinilega með efnistök og umbrot blaðsins í mikilli endurskoðun. Ein birtingarmynd nýrra vinnubragða er að nú eru helstu fréttir blaðsins merktar höfundum en áður voru allar fréttir nafnlausar. Merking frétta er alsiða á öðrum blöðum hérlendis og utanlands, en þykir slík tíðindi og tímamót þegar Morgunblaðið á í hlut að birtur er leiðari um málið í blaðinu í gær. Segir þar að það sé von ritstjórnarinnar að með þessum hætti verði blaðið „enn fjölbreytilegra, líflegra og aðgengilegra fyrir lesendur“. Með því að skrifa undir nafni geti blaðamenn „komið sérþekkingu sinni betur til skila, útskýrt samhengi fréttaatburða betur fyrir lesendum og jafnvel skrifað persónulegri og læsilegri stíl“.

### Nafnlausir leiðarar

Athygli vekur að leiðari blaðsins um þetta efni, „Merking frétta“, er ómerktur eins og aðrar ritstjórnargreinar í blaðinu.

Morgunblaðið

Skyldu ekki sömu rök gilda um merkingu þeirra og fréttanna? Morgunblaðið hefur að vísu þá stefnu, sem Fréttablaðið fylgir ekki, að leiðarar birti „skoðun blaðsins“ en ekki einstaklinganna sem skrifa hverju sinni. En það ætti út af fyrir sig ekki að koma í veg fyrir höfundarmerkingu leiðaranna, því það er tekið skýrt fram að á endanum sé allt efni í blaðinu, merkt og ómerkt, á ábyrgð ritstjórans. Og það er alltaf einhver einn sem heldur á pennanum hverju sinni. Jafnvel á Mogganum.

gm@frettabladid.is

## Hinn sögulegi farsi

Miðað við yfirlýsingar Auðuns Georgs Ólafssonar í blöðum í gær er ljóst að hann mun taka við sem fréttastjóri útvarps í dag, 1. apríl. Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við þá ákvörðun hans, maðurinn sótti um stöðu og fékk hana og nú er komið að fyrsta vinnudeginum. Engu að síður höfðu margir bundið vonir við að Auðun sjálfur stigi fram og hyggi á þann hnút sem myndast hefur í starfsemi RÚV og þá sérstaklega fréttastofu Útvarps – jafnvel þótt ekki sé með sanngirni hægt að segja að hann beri neina ábyrgð á þeim vanda sem þar er upp kominn. Hann er augljóslega peð í þessu tafli. Vissulega hefði það skapað eitthvert svigrúm ef Auðun hefði ekki tekið starfið, en því fer þó fjarri þegar betur er að gáð að einhver lausn fælist í slíku. Vandinn vegna fréttastjóramálsins hjá RÚV er orðinn meiri og djúpstæðari en svo að hann sé bundinn við þessa einstöku ráðningu. Trúnaðarbrestur er kominn upp milli mikils þorra starfsfólks og yfirstjórnar og trúverðugleiki stofnunarinnar sem fréttamiðils hefur minnkað. Þar skiptir ekki bara máli að sérkennileg sjónarmið ráði við ráðningu yfirmanna og að yfirstjórn stofnunarinnar komi síðan fram í Ríkissjónvarpinu og verji ráðningarsjónarmið sín með að gera lítið úr sínum eigin virtustu fréttamönnum. Varnarbarátta fréttamannanna sjálfra hefur dregið þá inn í hringiðu umræðunnar og gert þá að þátttakendum og viðfangi frétta sem þeir síðan segja sjálfir. Slíka stöðu hafa fréttamenn RÚV jafnan reynt að forðast, en stíga nú fram vegna þess að aðgerðaleysi myndi rýra traust til þeirra enn meira.

Vinnudagurinn í dag, 1. apríl, á fréttastofu Útvarps á ugglaust eftir að verða skrautlegur. Fréttamenn geta ekki bakkað með yfirlýsingar sínar um að vinna ekki með nýjum fréttastjóra og hinn nýi fréttastjóri virðist ekki ætla að bakka heldur. Ótrúlegt er að fréttamenn grípi til þess ráðs að takmarka fréttaútsendingar, að minnsta kosti svo neinu nemi enda ekki hefð hér fyrir „flauelsbyltingum“ líkt og í Tékklandi. Sjónvarpsmenn í Prag fóru sem kunnugt er í setuverkfall vegna pólitískrar ráðningar í ársbyrjun 2001 undir slagorðinu „Sjónvarp fyrir fólk en ekki flokka!“ Hundrað þúsund manns söfnuðust þá saman á

Í DAG
FRÉTTASTJÓRI HEFUR STÖRF



BIRGIR GUÐMUNDSSON

> Eflaust á Auðun Georg eftir að kynnast því að fréttastjórn á alvöru fréttastofu byggir ekki á lóðréttu boðvaldi yfirmanns yfir undirmönnum,

Wenceslastorgi og studdu sjónvarpsmenn. Hér heima er hins vegar líklegra að Spaugstofuútgáfan verði ofan á – að nýr fréttastjóri muni ekki stýra nokkrum sköpuðum hlut og allra síst því sem hann vill stýra. Eflaust á hann eftir að kynnast því að fréttastjórn á alvöru fréttastofu byggir ekki á lóðréttu boðvaldi yfirmanns yfir undirmönnum – þar gilda sjálfstæð vinnubrögð og sjálfstæð dómgreind fréttamannanna. Sá sem ekki er velkominn leiðtogi í slíkt teymi mun einfaldlega dingla í frígír á einhverju hliðarspori.

Það óvenjulega við þessa stöðu alla er að engin skynsamleg rök eru fyrir því að keyra mál Ríkisútvarpsins inn í þennan farveg. Í það minnsta ef menn gefa sér að það sé ekki beinlínis ætlun yfirvalda og yfirstjórnar RÚV að skemma stofnunina og rýra hana tiltrú almennings. Miðað við nýlegt frumvarp um RÚV þá er það nú varla hugmyndin. Fáum hefur því reynst auðvelt að finna skynsamleg markmið með þessari stefnu gagnvart fréttastofu Útvarps. Í greinarstúf eftir Margréti Indriðadóttur, fyrrum fréttastjóra Útvarps, í Morgunblaðinu í gær koma fram áhugaverðar vísbendingar. Margrét greinir frá því að Ívar Guðmundsson, sá sem sótti um fréttastjórastöðu Útvarps og fékk hana 1968, hafi sagt sér í einkasamtölum að hann hafi talið að sameina ætti fréttastofur Útvarps og Sjónvarps, og sú sameining hafi vakið áhuga hans. Eftir að mótmæli starfsmanna gegn pólitískri ráðningu Ívars komu fram, en þó sérstaklega þegar Ívar fékk upplýsingar um að ekki myndi farið út í sameiningu fréttastofa, taldi hann starfið ekki lengur eins áhugavert og upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Hann þáði því ekki stöðuna. Nú vill svo til að tillaga kom fram í vetur frá Boga Ágústssyni um að sameina fréttastofur Útvarps og Sjónvarps og fékk hún sem betur fer hvorki hljómgrunn hjá fréttamönnum né útvarpsráði, enda megum við varla við því að fækka sjálfstæðum fréttastofum. Óneitanlega hefur leitin að skýringu á framgangi yfirstjórnar RÚV gagnvart fréttastofu Útvarps oftar en ekki einmitt endað í þessari hugmynd – að verið sé að búa til ástand þar sem það yrði skásti valkosturinn að leggja fréttastofu Útvarps niður í núverandi mynd og sameina hana fréttastofu Sjónvarps. Verið sé framkvæma það sem ekki var gert 1968! Í því sambandi rifjast enn upp það sem Karl Marx hafði eftir Hegel á sínum tíma, um endurtekningar í mannkynssögunni: Fyrst koma sögulegir atburðir fyrir sem harmleikir, en í síðara skiptið sem farsi. Hvort sem nú verður um endurtekningu að ræða eða ekki, þá er alla vega ljóst að við erum að verða vitni að sögulegum farsa. ■

NIZSZA CENA WEDLIN !
40 % OBNIZKI
WSZYSTKICH WEDLIN.
LÆGRA VERÐ Á PYLSUM !
40 % AFSLÁTTUR
Á ÖLLUM PYLSUM FRÁ PÓLLANDI.
Opið virka daga frá 12.00 til 19.00,
laugardaga frá 12.00 til 18.00
og sunnudaga frá 12.00 til 16.00.
STOKROTKA
Pólsk matvöruverslun
Hvaleyrarbraut 35, Hafnarfirði • sími 517 1585




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Tilboð gilda dagana 31. mars til 3. apríl eða meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl.




**TÖLVULISTINN**

Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730
Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400
Hafnargötu 90 • 230 Keflavík • Sími 534 7400

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.917 **+0,45%**

**Fjöldi viðskipta:** 327
**Velta:** 6.100 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Fiskmarkaður Íslands** | 1,82% | **Actavis** | -0,97% |
| **Tryggingamiðstöðin** | 1,33% | **Og fjarskipti** | -0,73% |
| **Íslandsbanki** | 1,22% | **Straumur Fjárfest.b.** | -0,48% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,900 -0,97% ... Atorka 6,10 – ... Bakkavör 31,80 +0,63% ... Burðarás 14,15 +0,71 ... FL Group 13,70 – 0,36... Flaga 5,38 -0,92% ... Íslandsbanki 12,45 +1,22% ... KB banki 528,00 +0,57% ... Kögun 60,30 +0,50 ... Landsbankinn 14,95 +0,67% ... Marel 57,10 +1,06% ... Og fjarskipti 4,09 -0,73% ... Samherji 12,25- ... Straumur 10,30 -0,48% ... Össur 83,50 +0,60%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Skamm Birgir



Greiningardeild Landsbankans beindi spjótum sínum að Birgi Ísleifi Gunnarssyni seðlabankastjóra, í Vegvísi Landsbankans í gær, vegna ræðu sem hann flutti á aðalfundi Seðlabankans í fyrradag. Þar beindi Birgir Ísleifur sjálfur spjótum sínum að viðskiptabönkunum og sagði þá hafa farið offari í útlánum og ættu þar af leiðandi verulegan þátt í þenslu hagkerfisins og verðbólgu. „Þessar ávirðingar seðlabankastjóra koma nokkuð á óvart og hljóma óneitanlega sem endurómur gamalla tíma, þegar lánsfjárskömmtun og haftastefna einkenndu íslensk efnahagsmál," sagði í Vegvísinum. Var það svar við þeirri gagnrýni Birgis að þar sem bankarnir geri kröfur um að Seðlabanki og ríkisvald sýni aðhald og stuðli að efnahagslegum stöðugleika verði þeir einnig að gera sambærilegar kröfur til sjálfs sín. Starfsfólk greiningardeildarinnar segja ekki góða latínu að gera fjármálafyrirtækin að blórabögglum. Ábyrgðin á hagstjórninni liggi hjá stjórnvöldum en ekki hjá fyrirtækjum og heimilum.

### Skamm Halldór

„Öfugt við það sem oft er gefið til kynna er íslenska krónan ekki óstöðugri en aðrir gjaldmiðlar sem eru á floti," segir greiningardeild KB banka í Hálfimm fréttum í gær og setur þar með ofaní við Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, sem einmitt hélt þessu fram á aðalfundi Seðlabankans. Vitnar KB banka-fólkið í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá árinu 2000 máli sínu til stuðnings. Íslenska krónan þurfi ekki að vera óstöðugri en aðrir gjaldmiðlar vestrænna ríkja ef vel tekst til með stjórnun peningamála. Er þá spjótum greiningardeildarinnar í þessu samhengi beint gegn Seðlabankanum sjálfum og hinu opinbera. Jafnframt kemur fram að á árunum 1995 til 2000 hafi dollarinn sveiflast meira en gengisvísitalan en evran svipað.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Eskja** var rekin með 178 milljón króna hagnaði á árinu 2004. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 730 milljónir, eða 24,2 prósent af rekstrartekjum sem er þremur prósentustigum lakari framlegð en í fyrra.

**Fiskeldi Eyjafjarðar** gekk illa í fyrra og tapaði 165 milljónum króna. Tekjur drógust verulega saman og var undirritun endurskoðenda með fyrirvara um að ljóst væri að félagið þyrfti aukið fjármagn til áframhaldandi starfsemi.

**Kaupfélag Eyfirðinga** hefur selt allan hlut sinn í **Samherja**. KEA átti tíu prósent hlutafjár í Samherja og var einn af kjölfestufjárfestum eftir kaup **Burðaráss** á **Kaldbaki.** Stefnt er á skráningu Samherja af markaði.

# Enn stefnt að skráningu 2005

**Actavis stefnir að frekari sókn á Bandaríkin. Skráning í London er á dagskrá ársins í ár.**

Síðasta rekstrarár var eitt það besta í sögu Actavis Group. Félagið jók veltu sína um 47 prósent milli ára og hagnað um 51 prósent. Félagið er nú komið í hóp tíu stærstu lyfjafyrirtækja heims hvað markaðsvirði varðar.

Fjárfestar hafa beðið spenntir eftir skráningu Actavis á erlendan markað en Kauphöllin í London hefur verið nefnd sérstaklega til sögunnar. Í máli Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformanns Actavis, kom fram að undirbúningur að skráningu félagsins erlendis væri langt á veg kominn en ekki hefði verið ákveðið með dagsetningu. Róbert Wessman, forstjóri félagsins, sagði að enn væri stefnt á skráningu á þessu ári.



**AÐALFUNDUR** Róbert Wessman, forstjóri Actavis, og Björgólfur Thor Björgólfsson stjórnarformaður

Actavis hefur beint spjótum sínum að Bandaríkjamarkaði og ætlar sér að vaxa þar með kaupum og yfirtökum. Samhliða þessu ætlar félagið að fjárfesta á Indlandi en þar er þróunarkostnaður mun lægri en annars staðar.

- eþa

# Stjórnin opnar á viðræður

**Baugur hækkar boð sitt í Somerfield, en formlegt tilboð verður ekki lagt fram fyrr en eftir langt samningaferli.**

Stjórn smásölukeðjunnar Somerfield hefur ákveðið að hefja viðræður við bjóðendur sem leitt geti til yfirtökutilboðs.

Þrír aðilar hafa lýst áhuga á að bjóða í fyrirtækið og samkvæmt breskum reglum skal eitt yfir alla ganga og fá því allir aðgang að bókhaldi fyrirtækisins.

Baugur hefur lagt fram óformlegt tilboð, líklega upp á 205 pens á hlut, en síðasta tilboð Baugs var upp á 190 pens á hlut í Somerfield.

Í framhaldi af þessu hefst nokkurra vikna ferli sem, ef samkomulag næst, mun leiða til formlegs tilboðs þeirra sem vilja taka yfir félagið. Auk Baugs eru það fasteignafélög í eigu Tchenguizbræðra annars vegar og Livingstone-bræðra hins vegar. Verðmæti Somerfield samkvæmt þessu er um 130 milljarðar króna.

Baugur á fyrir fimm prósenta hlut í Somerfield og myndi innleysa góðan hagnað ef „bræðralögin" keyptu Somerfield. Hins vegar mun Baugur hafa mikinn áhuga á að kaupa fyrirtækið og telja menn þar á bæ sig hafa ágæta möguleika. Bæði hafi Baugur náð að klára slíkar yfirtökur, auk þess sem þeir séu í smásölubransanum og meiri áhugi hjá stjórnendum Somerfield á að fá slíka eigendur en hreina fasteignafjárfesta.

- hh



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrirtækjum í sjávarútvegi hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 2002. Óviðunandi arðsemi, sameiningar, deilur um kvótakerfi og hagstæð skilyrði til skuldsettra fyrirtækjakaupa eru nefndar sem ástæður fyrir afskráningu félaganna.

# Stolt sigldi fleyið mitt

**Flótti sjávarútvegsfyrirtækja af markaði hefur staðið yfir á fjórða ár. Margar ástæður skýra flóttann.**

Um áramótin síðustu voru tæplega 4.000 fjárfestar eigendur að sjávarútvegsfyrirtækjum í Kauphöllinni en með brotthvarfi Samherja fækkar þeim um nær helming. Sjávarútvegur hefur því átt undir högg að sækja sem fjárfestingarkostur á hlutabréfamarkaði á undanförnum árum. Ávöxtun af hlutabréfum sjávarútvegsfélaga hefur verið óviðunandi á sama tíma og verð á hlutabréfum í öðrum greinum hefur hækkað nær látlaust. Tólf sjávarútvegsfyrirtæki hafa yfirgefið Kauphöll Íslands frá 2002, þar af tvö á þessu ári. Ef Samherji fer af markaði verða aðeins þrjú, hefðbundin sjávarútvegsfélög eftir í Kauphöllinni, HB Grandi, Vinnslustöðin og Þormóður rammi – Sæberg.

Ýmsar skýringar hafa verið nefndar fyrir þessari þróun. Augljósasta ástæðan er sú að félög í sjávarútvegi hafa sameinast eða verið yfirtekin. Þar má nefna að Eimskip eignaðist Harald Böðvarsson (HB), Skagstrending og ÚA árið 2002. Grandi eignaðist síðar HB og sameinaðist Tanga snemma á þessu ári. Síldarvinnslan sameinaðist SR- mjöli árið 2003 en nýja félagið var síðar tekið af markaði af Samherja og fleiri aðilum.

Þá hefur verið bent á óviðunandi arðsemi af hlutabréfum í sjávarútvegsfélögum og þá pólitísku ókyrrð sem ríkir um greinina. Fáir hluthafar eiga mikið, viðskipti með bréf félaganna eru fátíð, arðsemi greinarinnar oft slök og eilíft karpað um kvótakerfið. Gott dæmi um ávöxtun hlutafélags í sjávarútvegi er Samherji sem fór á markað fyrir átta árum. Gengi félagsins var þá um 9 krónur á hlut en yfirtökuverð, sem brátt mun bjóðast hluthöfum, verður 12,1. Ávöxtunin er því aðeins um 35 prósent á átta árum án þess að tillit sé tekið til arðgreiðslna.

Að lokum er rétt að nefna að aðstæður til þess að taka félög af markaði eru mjög hagstæðar um þessar mundir. Stjórnendur og stórir eigendur í sjávarútvegsfélögum hafa séð sér leik á borði á tímum lágra vaxta og farið út í skuldsettar yfirtökur. Sömu aðilar telja að markaðsverðmæti félaganna sé oft lægra en eðlilegt getur talist og bent á að með því að leysa upp eignir félagsins fáist meira fyrir þær en sem nemur virði á markaði.

- eþa



| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 6.44 | 13.32 | 20.20 |
| AKUREYRI | 6.27 | 13.16 | 20.08 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## tilboð o.fl.

Ítalskt sófasett á tilboðsverði

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*
Í dag er föstudagur 1. apríl, 91. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



Jói er þekktur fyrir snilli í matargerð enda veit hann fátt skemmtilegra en að elda góðan mat.

# Skemmtilegast að nýta afganga

***Jóhannes Ásbjörnsson, dagskrárgerðarmaður og „annar helmingurinn“ af „Simma og Jóa“, er annálaður sælkeri þegar kemur að mat og matargerð.***

Jói var ekki nema táningur þegar áhuginn á matargerð vaknaði og var duglegur að nota afganga úr ísskápnum heima hjá mömmu til að prófa sig áfram. „Ég notaði allt sem til var og blandaði saman, til dæmis í eggjakökur og pastarétti. Svo tók grilltímabilið við, og þegar við félagarnir fórum í útilegur vakti ég athygli fyrir að vera alltaf með kryddlagerinn og sá sem fyllti sveppina með osti og skar niður grænmeti með steikinni. Strákarnir voru meira í því að slengja fordkrydduðu kjöti á einnota grill. Ég var að sjálfsögðu með ferðagasgrill,“ segir Jói.

Áhuginn á matargerð hefur síður en svo dofnað hjá Jóa með árunum og nú sér hann alfarið um eldamennskuna á sínu heimili. „Ég elda nokkurn veginn á hverjum degi, en ég og konan mín ákveðum oft í sameiningu hvað á að elda. Mér finnst langskemmtilegast að búa til góða máltíð úr því sem er til og er einhvern veginn mjög upptekinn af því að nýta alla afganga. Ef ég væri jafn skynsamur á öðrum sviðum væri ég í góðum málum,“ segir Jói hlæjandi.

Jói bjói á Ítalíu um skeið og þar jókst mataráhuginn enn frekar. „Ég tók með mér heim alveg sæg af hugmyndum og á Ítalíu féll ég fyrir gæðamat eins og hráskinku og mozzarellaosti. Þetta er auðvitað hráefni sem maður fær hér heima en er bara svo hrikalega dýrt.“

Jói segist alltaf hafa borðað allan mat og aldrei verið hræddur við að prófa eitthvað nýtt. „Ég fer alveg óhræddur á litla „lókal“-staði í útlöndum og er alltaf að safna í sarpinn hugmyndum að nýjum réttum.“

Uppáhaldsréttur Jóa er ítalski kjúklingarétturinn saltembocca. Hann gefur okkur uppskrift að réttinum sem er borinn fram með hrísgrjónum og salati. Uppskriftin er á næstu opnu. ■

## LIGGUR Í LOFTINU
*í tilboðum*

**Rekstrarvörur** á Réttarhálsi 2 eru ávallt með mánaðartilboð á einhverjum af sínum söluvörum og selja þær þá á 20% lægra verði en áður. Nú í apríl er það hreinlætispappír fyrir vinnusvæði, skammtarar fyrir slíkan pappír og sápuskammtarar sem eru á tilboði.

**Dömutoppar** með innbyggðum brjóstahöldum eru á 25% afslætti í versluninni Aktív í Kringlunni í tilefni af Kringlukasti. Topparnir eru meðal annars í bleikum og bláum litum og eru amerískir af gerðinni Danskin. Aktíf er líka með tilboð á Nike flíspeysum á dömur á þessu Kringlukasti og selur þær á 20% afslætti yfir helgina, eða 5.992 krónur í stað 7.490 áður. Þær eru í hvítum og svörtum litum og eru þeirrar gerðar að hægt er að snúa þeim við, þótt „rangan“ sé frábrugðin „réttunni“. Aktíf hét áður Nikebúðin og sérhæfir sig nú í sportfatnaði fyrir kvenþjóðina.

**Verslunin Rúmgott** á Smiðjuvegi í Kópavogi er með mikið úrval af rúmum á tilboðum. Afsláttur er ýmist 30 eða 40 prósent. Stór rúm sem áður kostuðu um 100.000 kr. kosta nú 73.500 kr. og einstaklingsrúm fást fyrir allt niður í 15.900 krónur. Meðal þess sem mestra vinsælda nýtur þar á bæ eru rúm með svokallaðri NeverTurn heilsudýnu sem er svæðaskipt og með tvöföldu gormakerfi. Einstaklingsrúm með slíkri dýnu kostar nú 39.900 kr.



tilbod@frettabladid.is



**Of sölt**
Ef súpan eða sósan er of sölt er hægt að leysa það vandamál með hráum kartöflum. Skerðu hráar kartöflur í bita og settu út í pottinn og þær munu sjúga í sig saltið. Veiddu þær svo upp úr og hentu.



Er veisla í vændum?
Reiknar þú með okkur...
áman
Skeifunni 11d
Sími 533 1020






FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Fanney Kim Du hefur verið verslunarstjóri í eitt og hálft ár en unnið í Nóatúni í tæp tuttugu ár.

# Stórverslun en líka hverfisbúð

***Um miðjan desember varð verslunin Nóatún við Hringbraut 121 eldi að bráð. Mikið tjón varð af völdum eldsins og innanstokksmunir brunnu til kaldra kola. Í vikunni fyrir páska opnaði nýtt og betra Nóatún eftir endurbætur sem stóðu mánuðum saman.***

„Við erum búin að breyta öllu og hér er allt alveg nýtt og fínt. Skipulagið hefur líka breyst. Við vorum með opnunartilboð þegar verslunin opnaði og það var rosalega mikið að gera. Fólk hefur tekið afskaplega vel á móti okkur,“ segir Fanney Kim Du, verslunarstjóri Nóatúns-verslunarinnar.

Fólkið í nágrenni verslunarinnar hefur greinilega saknað Nóatúnsins síns en Fanney saknaði líka viðskiptavinanna. „Þetta er stór verslun en samt hverfisbúð. Ég kannast við flesta sem versla hér og það er voðalega gott að vera komin aftur til starfa,“ segir Fanney en hún hefur unnið í Nóatúni í tæplega tuttugu ár.

„Ég byrjaði þegar ég var þrettán ára en ég hef reyndar bara verið verslunarstjóri í eitt og hálft ár. Fyrir það var ég til dæmis aðstoðarverslunarstjóri og innkaupastjóri. Mér finnst mjög gaman að vera ekki að gera alltaf það sama. Ég hef gert ýmislegt innan verslunarinnar og það er gott að hafa fjölbreytni í starfinu.“

„Við höfum aukið úrval af grænmeti og kælivöru þannig að nú bjóðum við upp á meira magn af ferskum vörum. Síðan er bakarí í búðinni þar sem tveir starfsmenn vinna við bakstur og afgreiðslu – en áður þurfti fólk að hjálpa sér sjálft. Kjötborðið er á sama stað en er nú orðið stærra og flottara – eins og öll búðin. Það er voða gaman að vinna hér og allir ánægðir að vera komnir aftur,“ segir Fanney sem hlær dátt þegar blaðamaður spyr hverrar þjóðar hún er. „Það má segja að ég sé 75 prósent Kínverji en ég fæddist í Víetnam. Ég fylgdi með foreldrum mínum til Íslands og fékk ekki að ráða neinu,“ segir Fanney glöð í bragði og að vonum ánægð með hið nýja og endurbætta Nóatún.

*lilja@frettabladid.is*



Grænmetisborðið er orðið ansi vígalegt í nýju versluninni.

Á að baka heilsupizzu í kvöld?

Pizza með E. Finnsson
SERAGLIO pizza- og pastasósu

**Speltpizzubotn:**
125 gr spelt, gróft
125 gr spelt, fínt
3 tsk vínsteinslyftiduft, (fæst í heilsuhillunum)
1/2 tsk sjávarsalt
1 tsk oregano
1-2 msk ólífuolía
125 ml heitt vatn

**Álegg á pizzuna:**
**Seraglio pizza-og pastasósa**
sveppir, laukur, paprika og tómatar í sneiðum
ólífur (má sleppa)
rifinn ostur

**Pizzabotn:** Allt hráefni sett í skál, hrært saman og deigið flatt út á bökunarpappír á ofnplötu. Forbakað við 200°C í ca 3-4 mín. Pizzabotninn tekinn úr ofninum og smurður með góðu lagi af **Seraglio** sósunni. Sveppum, lauk, papriku, tómötum, ólífum og síðast ostinum dreift yfir og bakað þar til osturinn er bráðinn.
**Verði ykkur að góðu.**
Uppskrift frá Kristínu Baldursdóttur, Hafnarfirði.

AUGLÝSINGASTOFA GUÐRÚNAR ÖNNU






VOGABÆR
Sími 424 6525 www.vogabaer.is

Smoothies
100% ávöxtur




engin aukaefni
enginn viðbættur sykur
arka

Madonna Ristorante

Réttir kvöldsins
Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

| | verð f/ einrétta | verð f/ þriggja rétta máltíð |
|---|---|---|
| **Forréttur** | | |
| Humarsúpa<br>m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði | kr. 850 | |
| **Aðalréttir** | | |
| Smjörsteiktur skötuselur<br>m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| Lambafillet<br>m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| Nautalundir<br>m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| **Eftirréttur** | | |
| Súkkulaðifrauð | kr. 690 | |

Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna Rauðarárstíg 27 www.madonna.is



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR FLJÓTLEGAN MAT Á FÖSTUDEGI

### Lax með spínati, kókós og sætri kartöflu

Það segir sig sjálft að réttur eins og þessi, sem samsettur er úr hráefnunum sem hvert fyrir sig er ómótstæðilegt sælgæti, getur ekki orðið annað en frábær. Samt sem áður er það galdur sósunnar sem gerir útslagið. Hárfínt jafnvægi af sterku, súru og sætu og bragðlaukarnir lifna við!

- 4 laxasneiðar
- 1 sæt kartafla
- 1/2 poki ferskt spínat
- 1/2 dós kókósmjólk
- 1 tsk. rautt karrímauk
- 1 msk. fiskisósa
- safi úr 1/2 límónu
- 1 tsk. pálmasykur
- salt og pipar
- ólífuolía



Friðrik Páll tók við stöðu fréttastjóra 12. ágúst í fyrra þegar Kári Jónasson, þáverandi fréttastjóri hætti. „Þetta er stuttur tími í starfi,“ segir Friðrik,“ en þó undarlega langur í ljósi þess að það hefur tekið sjö og hálfan mánuð að ráða arftaka Kára.“ Friðrik segist ekki vera rétti maðurinn til að dæma um hvort hans verði saknað úr stöðunni, en samstarfsfólk sitt þurfi alltént ekki að örvænta því hann fer ekki langt. „Ég sný aftur í Speglinn sem ég hafði umsjón með áður en ég tók við stöðu fréttastjóra. Mér hefur alltaf líkað vel þar, sem og á fréttadeildinni. Þetta er fínn vinnustaður og ég kvarta ekki undan því að vera partur af þessum góða hópi.“ ■



**FRIÐRIK PÁLL JÓNSSON** Tekur aftur við Speglinum sem hann hafði umsjón með áður en hann tók við starfi fréttastjóra tímabundið.

## AFMÆLI



Hjónin **Margrét Þormar** arkitekt og **Bjarni Rúnar Bjarnason** tónmeistari eiga bæði afmæli í dag. Margrét er 54 ára og Bjarni Rúnar 53 ára.
**Nikulás Sigfússon** læknir er 76 ára í dag.
**Stefán Skarphéðinsson** sýslumaður er sextugur í dag.
**Erla Gígja Garðarsdóttir** söngkona er 45 ára í dag.
**Magnús Þór Þorbergsson** leikhúsfræðingur er 34 ára í dag.
**Nína Björk Jónsdóttir** blaðamaður er þrítug í dag.
**Hjálmar Blöndal** nemi er 29 ára í dag.

Minningarkort
535 1825
HJARTAVERND
www.hjarta.is • 535 1800

SÓLSTEINAR
10-40% afsláttur
af legsteinum út febrúar



Kársnesbraut 98 • Kópavogi
564 4566 • www.solsteinar.is

# Að hlaupa apríl

Víða um heim er siður að halda upp á fyrsta apríl með glettum og hrekkjum. Sagt er að uppruna siðarins megi rekja til miðalda, en þá tíðkaðist í vestanverðri Evrópu að halda nýjársgleði á vorjafndægri. Fyrsti apríl var þá áttundi og síðasti dagurinn í nýárshátíðinni, en samkvæmt fornri hefð Rómverja og Gyðinga skyldu merkilegar hátíðir standa í átta daga.

Í Sögu daganna eftir Árna Björnsson kemur fram að hér á landi sé ekki vitað um ærsl þennan dag fyrr en seint á 19. öld. Ljóst mun þó að á 17. og 18. öld þekktu lærðir Íslendingar fyrirbærið að „hlaupa apríl.“ Fyrsta alkunna aprílgabb í íslenskum fjölmiðli var frétt um fljótaskip á Ölfusá frá fréttastofu Útvarps árið 1957, en fréttamenn létu þá sem um beina útsendingu væri að ræða.

Nú má segja að óformleg samkeppni sé meðal fjölmiðla hér um það, hver á besta aprílgabbið, en þennan dag hafa oft verið fluttar fréttir af miklum verðlækkunum og ýmsum vörum sem ekki hafa átt sér neina stoð í raunveruleikanum og margir orðið til að hlaupa á eftir þeim. ■



**STÖÐ 2 Á LYNGHÁLSI** Í tengslum við fyrirhugaðar lýtaaðgerðir á söngkonunni Rut Reginalds í fyrra skrökvaði Ísland í býtið því að áhorfendum á fyrsta apríl að fimm konum byðist ókeypis brjóstastækkun ef þær kæmu upp á Lyngháls í afgreiðslu Stöðvar 2 fyrir klukkan níu um morguninn.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1815 Prins Ottó von Bismarck, stjórnmálamaður.**

1852 Edwin Austin Abbey, myndlistarmaður.



**1868 Edmond Rostand, rithöfundur.**

1873 Sergei Rachmaninov, tónskáld.

1932 Debbie Reynolds, leikkona.



**1938 Ali MacGraw, leikkona.**



**1961 Jennifer Runyon, leikkona.**



**1970 Sung Hi Lee, fyrirsæta.**

# Betri kaup!




SPARIÐ 9.500

120X200 SM DÝNA + FÆTUR ÁÐUR 34.400,-

**24.900,-**

### PLUS B10 BOXDÝNA - 120 X 200 SM.

Algjör draumadýna núna á ótrúlegu tilboði! Tvöfalt gormalag með fallegu vatteruðu, jaquardofnu áklæði. Í neðra lagi dýnunnar eru 150 Bonnell gormar pr. fermetra og í efra lagi eru 230 LFK gormar pr. fermetra. Miðlungsstíf. Innifalið í verði er 5 sm þykk og góð yfirdýna ásamt einu pari af bogafótum. Grindin er úr ofnþurrkaðri, gegnheilli furu. Plus B10, stærð 120x200 sm, áður **29.900,-** Bogafætur **4.500,-**




SPARIÐ 25.000

ÁÐUR 79.900,-

**54.900,-**

### „ORLANDO" SÓFASETT

Ótrúlega fallegt og þægilegt hægindasófasett með innbyggðum fótskemli. Ekta leður er á slitflötum. Sófinn er með háu baki og veitir góðan stuðning við allan líkamann. Fæst einnig sem 3ja sæta, áður 99.900,- Nú **64.900,-** 2ja sæta, 154 sm breiður. 3ja sæta 210 sm breiður.

### „BRISTOL" GARÐHÚSGAGNASETT

Glæsilegt garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Bekkur, borð og 2 stólar saman í setti. Sterkt sett sem þolir vel íslenska veðráttu. Borð 80x150 sm, bekkur 150 sm langur.

Borð **9.990,-**
Stóll **4.990,-**
Bekkur **9.990,-**




BEKKUR + BORÐ + 2 STÓLAR

**24.900,-**

SPARIÐ 5.000




SPARIÐ 5.000

### „LONDON" STÓLL

Klassískur og þægilegur hægindastóll. Hægt að halla baki. Stóllinn er með innbyggðum, hækkanlegum fótaskemli. Stóllinn veitir einstaklega góðan stuðning við allan líkamann. Fást í svörtu og brúnu.

ÁÐUR 19.900,-

**14.900,-**




SPARIÐ 1.000

ÁÐUR 3.990,-

**2.990,-**

### „THERMO LUX" SÆNG OG KODDI

Thermosæng og koddi á frábæru verði! Sængin er fyllt með 2x550 gr. af silikonmeðhöndluðum holtrefjum og koddinn er 500 gr. Stærð á sæng er 135x200 sm og koddinn er í stærðinni 50x70 sm. Þolir þvott við 60°C.



ÁÐUR 990,-

**690,-**

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



### Aðal leikur dagsins

**Keflavík-Snæfell**

Fyrsti leikurinn í úrslitarimmu Keflavíkur og Snæfells fer fram í Reykjanesbæ í kvöld. Þar má fastlega búast við stórgóðri skemmtun enda óumdeilanlega tvö bestu lið landsins á ferðinni.

# sport

sport@frettabladid.is

**BANDARÍKJAMAÐURINN NICK BRADFORD HJÁ KEFLAVÍK:** ER LUKKUTRÖLL KVENNALIÐSINS

# *Trúður sem hleypur um með nammi*



Fyrir nokkrum vikum settist á varamannabekkinn hjá kvennaliði Keflavíkur í körfubolta maður að nafni Nick Bradford, sá hinn sami og hefur gert það gott með karlaliði félagsins í Intersport-deildinni undanfarin tvö tímabil. Bradford þykir mikill glaumgosi sem leikmaður og er venjulega í fararbroddi þegar kemur að því að halda uppi stemningu í leikjum karlaliðsins. Það var í miðjum leik þann 23. febrúar gegn ÍS sem Bradford tók sér stöðu á bekk kvennaliðsins en þá var staðan 40-14 fyrir ÍS. „Ég veit ekkert af hverju hann mætti á hliðarlínuna í þessum leik og við leikmennirnir vorum lítið að spá í það," segir Anna María Sveinsdóttir, leikreyndasti leikmaður Keflavíkur. Ekki ber á öðru en að nærvera Bradford svínvirki, því um leið og hann mætti á svæðið í umræddum leik gegn ÍS sneru Keflavíkurstúlkur honum sér í hag og unnu á endanum þriggja stiga sigur, 71-68.

„Það er ofboðslega gaman að hafa hann, hann er náttúrulega bara trúður og mikill stemningsgrís og heldur okkur stelpunum í fullu fjöri," segir Anna María en síðan í þessum leik hefur Bradford átt fast sæti á bekknum að undanskildum öðrum leiknum í undanúrslitaeinvíginu gegn ÍS. Þá var Bradford að spila með karlaliðinu og komst ekki í bæinn í tæka tíð. Það þurfti ekki að spyrja að sökum – Keflavík tapaði leiknum í fjarveru Bradfords.

„Þótt mörgum öðrum finnist hann kannski frekar leiðinlegur karakter þá er hann toppnáungi," segir Anna María og neitar því ekki að Bradford sé orðinn hálfgerður happagrís. „Hann mætir þarna hlaupandi með nammi handa öllum, gefandi „high-five" og heldur uppi stemningunni. Hann er líka byrjaður að gefa leikmönnum ráð og það er hlustað á hann. Hann verður alveg örugglega með okkur í úrslitaeinvíginu gegn Grindavík," segir Anna María. Einum leik er lokið í þeirri rimmu og með Bradford á bekknum vann Keflavík öruggan sigur í fyrrakvöld. Og það sem meira er - nafninu hans var splæst á leikskýrsluna í fyrsta sinn.

### > Við hrósum ...



... borðtenniskappanum Guðmundi E. Stephensen sem komst alla leið í 16-manna úrslit tvíliðaleiks á Evrópumótinu í Árósum í Danmörku. Þetta er besti árangur sem íslenskur borðtennisspilari hefur nokkurn tíma náð á Evrópumóti og sýnir að Guðmundur er á réttri leið.

### > Við hrósum ...

... kvennaliði Vals í handboltanum sem náði með miklu harðfylgi að snúa töpuðum leik í sigur gegn FH í gær. Í stöðunni 19–16 lokaði Berglind Hansdóttir markinu og FH skoraði ekki mark á síðustu 10 mínútum leiksins. Valur skoraði þá sex mörk og fór með 19–22 sigur af hólmi.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

29 30 31 **1** 2 3 4

**Föstudagur**

### LEIKIR

- 17.15 **KR** og **KA** mætast á KR-velli í A-deild deildarbikars karla í fótbolta.
- 18.30 **Fylkir** og **Víkingur** mætast á Fylkisvelli í A-deild deildarbikars karla í fótbolta.
- 18.45 **Víkingur** og **FH** mætast í Víkinni í seinni umspilsleik um sæti í úrslitakeppninni í handbolta.
- 19.15 **Valur** og **Höttur** mætast að Hlíðarenda í úrslitakeppni 1. deildar í körfubolta.
- 19.15 **Keflavík** og **Snæfell** mætast í Sláturhúsinu í úrslitum Intersportdeildarinnar í körfubolta.

### SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn.
- 16.10 **Skíðamót Íslands** á RÚV. Samantekt frá öðrum keppnisdegi. Endurtekinn þáttur.
- 16.15 **Þú ert í beinni!** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 17.15 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 18.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Þáttur um meistaradeild Evrópu.
- 19.00 **Intersportdeildin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Keflavíkur** og **Snæfells** í úrslitum Intersport-deildarinnar í körfubolta.
- 21.00 **US Masters 2004** á Sýn. Upphitunarþáttur fyrir Masters-mótið í golfi.
- 22.00 **Motorworld** á Sýn.
- 23.15 **HM í póker** á Sýn.
- 23.25 **Skíðamót Íslands** á RÚV. Samantekt frá þriðja keppnisdegi.

# Berglind í algjörum sérflokki í Kaplakrika

## ÍBV og Valur fögnuðu sigri í fyrstu umferð úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta þar sem góðir endasprettir tryggðu þeim báðum sigur.



**BERGLIND HANSDÓTTIR** Var stórkostleg í marki Vals í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HANDBOLTI** Það leit ekki vel út fyrir Valsstelpur þegar þjálfararnir Guðríður Guðjónsdóttir og Valdimar Grímsson tóku leikhlé þegar tíu mínútur voru eftir og heimastúlkur í FH voru þremur mörkum yfir, 19-16, í fyrsta leik liðanna í átta liða úrslitum. Ræða Valdimars heyrðist um allan Kaplakrika og hafði einnig frábær áhrif því Valsliðið vann síðustu tíu mínútur leiksins 6-0 og tryggði sér 19-22 sigur og 1-0 forystu í einvíginu.

Berglind Íris Hansdóttir var frábær í marki Vals, varði 28 skot og skoraði einnig tvö af níu hraðaupphlaupsmörkum liðsins yfir endilangan völlinn. Berglind var líka ánægð í leikslok. „Við vorum búnar að klúðra niður þriggja marka forskot, vorum komnar þremur mörkum undir og þurftum bara spark í rassinn," sagði Berglind um leikhléið sem breytti öllu. Berglind var heldur ekki í vafa hvernig fer á Hlíðarenda á laugardaginn. „Þetta fer pottþétt 2-0," og það er ljóst að með samskonar stórleik frá henni sjálfri gæti sumarfríið verið á næsta leiti hjá FH-liðinu.

„Það var eins og við hefðum ekki trú á þessu, við stressuðumst upp og náðum ekki að klára þetta. Þessi endakafli er bara skandall og þetta á ekki að gerast. Berglind var að taka fullt af skotum og hún er bara að taka þetta fyrir þær," sagði Kristín María Guðjónsdóttir, fyrirliði FH sem stóð sig vel í markinu og varði 13 skot. „Við getum þetta alveg, vitum alveg hvað þær geta. Við eigum leik á laugardaginn og verðum að vinna hann því við ætlum ekki að detta út núna," bætti Kristín María við.

Íslandsmeistarar ÍBV voru heppnar að sleppa með sigur þegar þær fengu Víkinga í heimsókn til Eyja í gærkvöldi. Víkingsstelpur komu mjög ákveðnar til leiks og höfðu yfirhöndina í fyrri hálfleik þar sem liðið náði mest 5 marka forskoti, 10-15. Með innkomu Guðbjargar Guðmannsdóttur og Darinku Stefanovic, sem byjuðu á bekknum vegna meiðsla, breyttist leikur ÍBV liðsins til hins betra, liðið seig hægt framúr og vann að lokum 31–27, tölur sem gefa kannski ekki rétta mynd af gangi leiksins.

„Ég er auðvitað ekki ánægður með leikinn og við vorum að spila mjög illa. Ég er hins vegar ánægður með að við skildum ná sigrinum þó við hefðum alls ekki átt hann skilinn. Við erum að fara í gegnum erfitt tímabil núna, það er mikið um meiðsli í hópnum og það er mikilvægt að við klárum dæmið á laugardaginn svo stelpurnar geti fengið smá hvíld," sagði Alfreð Finnsson, þjálfari ÍBV að leik loknum.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Úrslitakeppni kvenna*

**FH–VALUR 19–22 (9–10)**

**Mörk FH:** Gunnur Sveinsdóttir 5, Bjarný Þorvarðardóttir 4, Björk Ægisdóttir 4/4, Dröfn Sæmundsdóttir 3, Guðrún Dría Hólmgeirsdóttir 2, Berglind Björgvinsdóttir 1.
**Varin skot:** Kristín María Guðjónsdóttir 13.
**Mörk Vals:** Katrín Andrésdóttir 5, Ágústa Edda Björnsdóttir 5/4, Soffía Rut Gísladóttir 4, Arna Grímsdóttir 2, Lilja Valdimarsdóttir 2, Hafrún Kristjánsdóttir 2, Berglind Íris Hansdóttir 2.
**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 28/2.

**ÍBV–VÍKINGUR 31–27 (14–17)**

**Mörk ÍBV:** Alla Gokorian 12/5, Anastasia Patsion 5, Guðbjörg Guðmannsdóttir 4, Ingibjörg Jónsdóttir 3, Elísa Sigurðardóttir 2, Tatjana Zukovska 2, Eva Björk Hlöðversdóttir 1, Edda Björk Eggertsdóttir 1.
**Varin skot:** Vigdís Sigurðardóttir 13.
**Mörk Víkings:** Margrét Egilsdóttir 10, Ásta Agnarsdóttir 7, Helga Guðmundsdóttir 3, Helga Birna Brynjólfsdóttir 4/3, Natasa Damiljanovic 2, Eygló Jónsdóttir 1.
**Varin skot:** Erna María Eiríksdóttir 11.

## ÚR SPORTINU

Vandræðagemlingurinn **Jermaine Pennant** er laus úr fangelsi eftir að hafa dvalið í einn mánuð bak við lás og slá. **Pennant** var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir ölvunarakstur en tekur út þá tvo síðustu á skilorði. Auk þess þarf hann að hafa staðsetningartæki á sér svo yfirvöld geti fylgst með ferðum hans. „Ég hlakka til að reima á mig skóna á nýjan leik og byrja að æfa á nýjan leik," sagði Pennant er hann slapp úr prísundinni en hann er nú í láni hjá **Birmingham** frá Arsenal.



Jermaine **O'Neal** æfði í fyrsta sinn í mánuð með Indiana Pacers eftir að hann meiddist illa á öxl fyrir mánuði síðan. Margir glöddust yfir endurkomu kappans en **O'Neal** bað menn um að hafa allan varann á. „Mér liggur ekkert á að snúa tilbaka. Ef ég spila í fyrstu umferð úrslitanna þá verður það ekki fyrr en í þriðja eða fjórða leik," segir **O'Neal**.




UEFA búið að dæma í máli Jose Mourinho:

# Fær tveggja leikja bann og milljón króna sekt

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea í ensku úrvalsdeildinni, var í gær sektaður og dæmdur í bann af evrópska knattspyrnusambandinu UEFA fyrir að reyna að koma óorði á andstæðinginn með lygum eftir leik í meistaradeild Evrópu milli Chelsea og Barcelona á Nou Camp þann 23. febrúar síðastliðinn.

Mourinho fékk tveggja leikja bann og er gert að borga 8.900 pund í sekt eða um eina milljón íslenskra króna.

Eins og einhverjir ættu að muna fullyrti Mourinho að hann hefði persónulega séð Fran Rijkaard, knattspyrnustjóra Barcelona, ræða við dómarann Anders Frisk í hálfleik í viðureigninni frægu. Mourinho var seinna staðinn að því að fullyrða að einn af aðstoðarmönnum sínum hefði bent sér á atvikið en hann hefði ekki orðið vitni að þessu sjálfur.

Bruce Buck, einn af stjórnarmönnum Chelsea, sagði félagið ekki vera ánægt með úrskurðinn.

„Við virðum ákvörðun UEFA engu að síður," sagði Buck. „Við dáumst einnig að Frisk og hans eldmóði og hörmum hvernig málin hafa þróast. Okkar fólk reynir hvað það getur til að komast að því hverjir standa á bak við hótanirnar sem Frisk og fjölskylda hans hafa þurft að þola og munum að sjálfsögðu koma öllum upplýsingum sem við kunnum að komast yfir til yfirvalda," bætti Buck við.



**USS** Jose Mourinho ætti núna að vita það sjálfur að það borgar sig stundum að segja sem minnst. Hann fær ekki að stjórna Chelsea í leikjunum gegn Bayern Munchen.

Chelsea mætir Bayern Munchen í 8 liða úrslitum meistaradeildarinnar og er fyrri leikur liðanna á mánudaginn. Mourinho fær ekki að koma nálægt liði sínu meðan á viðureignunum tveimur stendur en mun væntanlega verða í stanslausu símasambandi úr stúkunni við Steve Clarke, aðstoðarmann sinn, sem mun koma til með að stjórna liði Chelsea í leikjunum.

## ÚR SPORTINU

**Djibril Cisse**, franski framherjinn hjá Liverpool sem braut svo hryllilega á sér fótinn í október sl., gæti spilað aftur fyrir þá rauðklæddu áður en tímabilinu lýkur. Endurhæfing **Cisse** hefur gengið mun betur en vonir stóðu til og er hann nú byrjaður að æfa með aðalliðinu. „Það er möguleiki á að hann spili með okkur áður en mótinu lýkur. Læknar munu ákveða hvort hann sé tilbúinn en það er ljóst að við munum ekki taka neina áhættu,“ segir **Rafael Benitez** stjóri Liverpool.



**Steve Nash**, leikstjórnandi Phoenix Suns, náði þrefaldri tvennu er Suns tók á móti Philadelphia 76ers í NBA-körfuboltanum í fyrrinótt. **Nash** skoraði 12 stig, tók 13 fráköst og gaf 12 stoðsendingar og átti stóran þátt í stórsigri heimamanna, 116-87. **Allen Iverson** var stigahæstur gestanna með 26 stig, 9 fráköst og 4 stoðsendingar. „Ég reyndi að leggja hart að mér allan leikinn,“ sagði **Nash** sem tók 10 fráköst í fyrri hálfleik.



Borðtenniskappinn **Guðmundur E. Stephensen** féll úr leik í fyrstu umferð Evrópumótsins í borðtennis í gær. Mótið stendur nú yfir í Árósum í Danmörku og tapaði Guðmundur fyrir **Andrei Filimon** frá Rúmeníu. Guðmundur komst hins vegar alla leið í 16-manna úrslit í tvíliðaleiknum áður en hann féll úr leik þar. Þá féll **Guðrún Björnsdóttir** úr keppni í fyrstu umferð í einliðaleik kvenna.



**Pedro de la Rosa** mun leysa af **Juan Pablo Montoya** í akstursliði **McLaren** í formúlukappakstrinum um helgina. Montoya er meiddur á öxl og hafa læknar skipað honum að hvíla sig frá akstrinum í einhverjar vikur. De la Rosa hefur verið helsti þróunarökumaður McLaren í tvö ár en hefur aldrei náð að setja mark sitt almennilega þegar í keppnina sjálfa er komið en De la Rosa ók áður fyrir **Arrows** og **Jagúar**.



Nú er verið að slá því upp í fjölmiðlum ytra að **Liverpool** og **Inter Milan** muni skiptast á leikmönnum í sumar. Þeir sem um ræðir eru vinstri vængmennirnir **Harry Kewell** og **Kily Gonzalez**, en vitað er að **Rafael Benitez** mun vera að missa þolinmæðina gagnvart Kewell og að Kily og **Roberto Mancini** stjóri Inter eru ekki bestu mátar. Einnig lék Kily undir stjórn Benitez hjá Valencia og náðu þeir afar vel saman.



**Ruud van Nistelrooy** segist hafa beðið lengi eftir markinu sem hann skoraði fyrir **Hollendinga** í leik liðsins gegn Armeníu í undankeppni HM í fyrradag. Markið var það fyrsta sem **Nistelrooy** skorar eftir að hafa meiðst fyrir rúmum þremur mánuðum. „Markaþurrðin var farin að snerta sálina svo að það var ánægjulegt að brjóta loksins ísinn,“ viðurkenndi **Nistelrooy** eftir leikinn.



Barcelona varð fyrir áfalli í fyrradag þegar **Carles Puyol** fyrirliði liðsins haltraði af velli í leik **Spánverja** og Serbíu/Svartfjallalands í undankeppni HM í fyrradag. Puyol verður frá í um þrjár vikur og missir því af uppgjöri toppliðanna þegar **Barcelona** mætir **Real Madrid** þann 10. apríl.



Einar Bollason spáir í einvígi Keflavíkur og Snæfells:

# Keflvíkingar eru með dúndrandi sjálfstraust

**KÖRFUBOLTI** Lokaúrslit Intersport-deildarinnar í körfuknattleik hefjast í kvöld en þá tekur Keflavík á móti Snæfelli. Þrjá sigra þarf til að hampa Íslandsmeistaratitlinum en þessi lið áttust við í lokaúrslitum síðasta árs þar sem Keflavík hafði betur, 3-1. Einar Bollason hallaðist að sigri Keflvíkinga í spá sinni í Fréttablaðinu.

Keflvíkingar þykja sigurstranglegri í seríunni og fór liðið gjörsamlega hamförum gegn liði ÍR í undanúrslitunum. Fréttablaðið fékk Einar Bollason, fyrrum landsliðsþjálfara og leikmann, til að spá í viðureign kvöldsins. „Þarna mætast stálin stinn, tvímælalaust tvö bestu lið landsins og engin tilviljun að þau skuli mætast aftur,“ sagði Einar. „Anthony Glover er auðvitað sterkur leikmaður en hefur ekki náð að fylla skarð Derrick Allen sem var frábær í fyrra. Það veikti liðið að missa Fannar Ólafsson en aftur á móti eru aðrir leikmenn í Keflavíkurliðinu sem eru að spila betur. Efstur á blaði er Sverrir Sverrisson sem hefur aldrei leikið betur en nú.“

Einar sagði að margir vildu meina að Keflavíkurliðið væri ekki ekki jafn sterkt og í fyrra. „Ég get að mörgu leyti tekið undir það en það er engu að síður dúndrandi sjálfstraust hjá liðinu. En Keflvíkingar þurfa að passa sig á einu og það er að dramb er falli næst. Þeir hafa verið ansi brattir í yfirlýsingum og allt að því gert lítið úr andstæðingum sínum.“

**Týnist Sigurður í kvöld?**

„Snæfellingar eru náttúrulega ekki árennilegir í fráköstunum, alveg massíft frákastalið. Snæfell hefur aldrei unnið leik í Keflavík en liðið verður að vinna einn leik þar til að eiga möguleika. Ég held að Snæfell muni ná því að vinna leik þar en það verður ekki í kvöld. Ég er á því að Keflavík vinni þennan leik eftir mikla baráttu. Keflavík flýgur mjög hátt þessa dagana og það mun fleyta liðinu í gegnum þennan leik. Þetta verður skemmtileg rimma en þetta eru tvö sterkustu varnarlið deildarinnar. Í liði Snæfells verða menn eins og Sigurður Þorvaldsson að muna að leikurinn er 40 mínútur. Það þýðir ekki að koma inn með glans annað slagið en týnast þess á milli. Þetta er mjög hæfileikaríkur körfuboltamaður en týnist allt of mikið inn á milli. Það er stór spurning hvernig trú Snæfellingar hafa á sér að mæta á leikvöll sem þeir hafa aldrei unnið sigur á og með fullt hús af áhorfendum. Það á náttúrulega enginn körfuboltaáhugamaður að láta sig vanta á þessar viðureignir,“ segir Einar.

„Annars er ég ekki í vafa um að Sigurður Ingimundarson, sem er að mínu mati fremsti þjálfari landsins, nái að stilla allra strengi fyrir viðureign kvöldsins og leiða Keflavík til sigurs,“ sagði Einar Bollason.

smari@frettabladid.is



**Í LOFTKOSTUM** Sverrir Sverrison hefur aldrei leikið betur að mati Einars Bollasonar.










# STUÐ MILLI STRÍÐA | Sjálfbær mismunun

KRISTJÁN HJÁLMARSSON VELTIR FYRIR SÉR RÁÐNINGUM


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Jákvæð mismunun er hugtak sem hefur reglulega skotið upp kollinum síðustu ár, sérstaklega þegar ráðið er í stöður hjá hinu opinbera. Jákvæð mismunun er þegar einstaklingur af því kyni sem hallar á er ráðinn í starf að uppfylltum lágmarksskilyrðum. Þá skiptir engu þótt hæfari einstaklingur af hinu kyninu sækist einnig eftir starfinu, hugmyndin er jú að rétta hlut þess kyns sem á undir högg að sækja.

Jákvæð mismunun á ekki eingöngu við þegar konur eru teknar fram yfir karla við mannaráðningar, því slíkum aðferðum er einnig hægt að beita þegar karlar sækja um, svo lengi sem það hallar á þá í þeirri starfsstétt sem um er að ræða.

Aðferðir eins og jákvæð mismunun hafa verið notaðar til að rétta hlut kvenna í stjórnarstöðum í þó nokkrum löndum og oft með góðum árangri. Ekki eru þó allir á eitt sáttir um ágæti slíkra aðferða, enda alls óvíst að hæfasti einstaklingurinn sé ráðinn.

Margir virðast standa í þeirri trú að jákvæðri mismunun hafi verið beitt hér á landi. Staðreyndin er sú að slíkum aðferðum hefur nánast aldrei verið beitt. Þess í stað hefur svokallaðri sjálfbærri mismunun verið beitt. Sjálfbær mismunun er, eins og nafnið gefur til kynna, þegar einstaklingur úr stjórnarflokki sem hallar á í opinberum störfum er ráðinn, oftast að uppfylltum lágmarksskilyrðum. Þá skiptir engu þótt hæfari einstaklingur úr öðrum eða engum flokki sækist einnig eftir starfinu, hugmyndin er jú að rétta hlut flokks sem á undir högg að sækja.

Skiptar skoðanir hafa verið um ágæti sjálfbærrar mismununar, því það sama gildir þar og um jákvæða mismunun, það er alls óvíst að hæfasti einstaklingurinn sé ráðinn. Hitt er þó ljóst að sjálfbær mismunun er mun vinsælli aðferð en sú jákvæða. Að minnsta kosti er hlutfall kvenna í stjórnarstöðum mun lægra en pólitískra hunda. ■

# myndasögur

## PONDUS
Eftir Frode Överli




## GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA
Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott





HERRAFATAVERSLUNIN HERRA HAFNARFJÖRÐUR TILKYNNIR:

**Ný Bertoni jakkaföt**
**Ný UNIC jakkaföt**
**Nýjar gallabuxur**
**Nýjar skyrtur**
**Ný bindi**
**Nýir bolir**

„Oft eru nýjar vörur betri"

Firði Hafnarfirði
Sími 565 0073

Herra hafnarfjörður




**Við dönsum og syngjum, förum í búninga & fáum andlitsmálningu - rosalega gaman**

Ný námskeið hefjast 4. og 6. apríl 2005

Kennt í Gróttu-salnum á Seltjarnarnesi og í Akóges-salnum í Sóltúni 3.

innritun og upplýsingar: s. 862 4445
danssmidjan@danssmidjan.is
www.danssmidjan.is




# ÞETTA ER GRÍN EKKI GABB...

AFSLÁTTUR UPP Á GRÍN 1.–3. APRÍL 30%

| | ÁÐUR | NÚ |
|---|---|---|
| SÓFI 4RA SÆTA | ~~148. 000~~ | 103. 600 |
| SÓFI 3JA SÆTA | ~~124. 000~~ | 86. 800 |
| STÓLL | ~~85. 000~~ | 59. 500 |

AFSLÁTTUR UPP Á GRÍN 1.–3. APRÍL 50%

| | ÁÐUR | NÚ |
|---|---|---|
| PRINCESS BORÐ 200X90 CM 6 TYPHOON LEÐURSTÓLAR | ~~154. 000~~ | 77. 000 |

GRÍNIÐ STENDUR BARA Í DAG, Á MORGUN OG HINN...

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

FABRIKAN



*„Hello?... Yes. There is a beautiful woman in my bed, and a dead man in my bath.“*

Clouseau lögreglufulltrúi er ýmsu vanur og kippir sér ekki upp við smámuni.

# bíó

bio@frettabladid.is

# *Upprisa Rourke í Sin City*

Það er greinilegt að spennumyndin Sin City verður ein heitasta mynd þessa árs og það er allt útlit fyrir að þessi meistaralega yfirfærsla Robert Rodriguez og Franks Miller á teiknimyndasögum yfir á hvíta tjaldið mun velgja stórspámönnum á borð við Batman og George Lucas, með sitt Stjörnustríð, undir uggum og hleypa öllu í bál og brand í miðasölunni. Allt frá því fyrstu sýnsihornin úr myndinni komu fyrir sjónir almennings hafa aðdáendur harðsoðinna myndasagna Millers verið í sjöunda himni enda ljóst að Rodriguez og Miller vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera. Teikningarnar á síðum myndasagnanna lifna hreinlega við í drungalegu og tölvuteiknuðu umhverfi sem er bakgrunnur ruddalegra og blóðugra uppgjöra spilltra lögreglumanna, smáglæpamanna, geðsjúklinga, barnaníðinga og herskárra vændiskvenna. Þeir gagnrýnendur sem hafa séð myndina halda vart vatni og hlaða hana lofi og þannig segir gagnrýnandi New York Magazine að ef Raymond Chandler og Daffy Duck hefðu eignast afkvæmi þá væri það Sin City. Meitluð samtöl persónanna gætu verið tekin beint upp úr reyfurum Chandlers og ofbeldið sem þær beita hvor aðra er svo yfigengilegt að það minnir mest á gömlu teiknimyndirnar frá Warner Brother's. Myndin blandar saman efni þriggja Sin City bóka Millers, That Yellow Bastard, The Hard Goodbye og The Big Fat Kill og þegar er farið að ræða um framhaldsmyndir enda af nógu að taka þar sem Sin City bækurnar eru sjö talsins. Það er sérstakt ánægjuefni að gamli erkitöffarinn Mickey Rourke fær mikið hrós frá gagnrýnendum fyrir frammistöðu sína í hlutverki Marvs en The Hard Goodbye kaflinn hverfist um það geðbilaða hálftröll með gullhjartað sem leitar hefna fyrir morð á



vændiskonunni Goldie. Þessi hluti myndarinnar þykir sá besti en Bruce Willis gefur samt ekkert eftir í Yellow Bastard hlutanum en sú saga er að margra mati lang besta Sin City sagan.

## NÝTT Á DVD

Tölvuteiknimyndin Ice Age kom á dögunum út í veglegri tveggja diska útgáfu sem er hlaðin aukaefni. Leikstjórinn Chris Wedge tjáir sig um gerð myndarinnar og nokkur atriði sem ekki komust fyrir í endanlegri útgáfu myndarinnar fljóta með. Þá fær ólánssami fornaldaríkorninn með hnetusöfnunaráráttuna að njóta sín í sjálfstæðri stuttmynd og nýjasta mynd Ice Age hópsins, Robots, er kynnt til sögunnar. Þá er skyggsnt bak við tjöldin í nokkrum stuttum þáttum og hægt að skoða hálfkláraðar tölvuteiknaðar senur. Ofan á þetta allt saman bætist svo stutta teiknimyndin Bunny sem hlaut Óskarsverðlaun í sínum flokki árið 1998.



# Freeman bjargar Li

Danny er sem barn numinn brott af Bart, miskunnarlausum okurlánara. Hann er alinn upp fjarri skólum, öðrum börnum og það eina sem hann veit er það sem Bart hefur kennt honum. Og Bart kennir honum að verða morðtól sem hlýðir honum í einu og öllu, sama hversu ógeðfelldar skipanirnar eru. Danny verður því eign hans, hundur sem gerir það sem honum er sagt án þess að spyrja neinna spurninga.

Dag einn er þó Bart sýnt banatilræði og Danny flýr. Hann kemst í samband við roskinn píanóstilli sem er að aðstoða dóttur sína við að klára tónlistarskólann. Þar með hefst nýtt þroskaskeið í lífi Danny, þar sem hann kynnist góðmennsku, nýjum lífsháttum og tónlist, sem skipar stóran sess í lífi hinnar nýju fjölskyldu. Hinn miskunnarlausi Bart er þó ekki enn dauður og reynir af öllum mætti að fá ìhundinnî sinn aftur.

Það er Luc Besson sem skrifar handritið að þessari mynd Louis Leterrier en þetta er aðeins önnur mynd hans í fullri lengd. Einvalalið leikara fer með aðalhlutverkin í þessari mynd. Hinn nýkrýndi óskarsverðlaunahafi Morgan Freeman leikur hinn blinda og hlýja Sam og hinn gamalreyndi Bob Hoskins fer með hlutverk illmennsinsins Bart. Danny er leikinn af Jet Li sem er einnig framleiðandi myndarinnar. Tónlistin er samin af Massive Attack þannig að ekkert var til sparað. Myndin verður frumsýnd á föstudaginn í Laugarásbíó og Regnboganum. ■



**DANNY THE DOG** Morgan Freeman og Jet Li í hlutverkum sínum sem góði píanóstillirinn og morðtólið Danny.






**GEOFFREY RUSH OG CARLIZE THERON Í HLUTVERKUM HJÓNANNA PETER SELLERS OG BRIT EKLAND** Samband þeirra hjóna endaði með ósköpum enda sýndi Sellers allar sínar verstu hliðar í hjónabandinu.

# Hataði öll sín verk

**The Life and Death of Peter Sellers sló í gegn á Cannes-hátíðinni í fyrra og er nú loksins komin í íslensk kvikmyndahús.**

Fáir ef einhverjir hafa haft jafn mikil áhrif á gamanmyndaleik og enski leikarinn Peter Sellers. Túlkun hans á lögreglumanninum seinheppna Clouseau og leikur hans sem Dr. Strangelove settu hann á stall með fremstu gamanmyndaleikurum sögunnar.

Í kvikmyndinni The Life and Death of Peter Sellers, eftir breska leikstjórann Stephen Hopkins, er lífi þessa magnaða leikara gerð góð skil. Hún spannar líf Sellers frá því að hann var stjórnandi eins vinsælasta útvarpsþáttar BBC „The Goon Show“ þar til að hann deyr úr hjartaáfalli aðeins 54 ára.

### Óánægður með allt

Myndin þykir lýsa vel hversu óánægður Sellers var og hinni eilífu hamingjuleit hans. Hann þekkti allar sínar persónur á hvíta tjaldinu en var aldrei viss um hver hann væri og hvað færði honum hamingju. Sellers þótti með eindæmum erfiður í umgengni og hneykslaðist í sífellu yfir leik sínum. Honum þótti frammistaðan á hvíta tjaldinu vera einhver leiðinlegasta afþreying sem hugsast gat og Clouseau, hlutverkið sem aflaði honum heimsfrægð, vera sér til háborinnar skammar. „Ég hata allt sem ég geri,“ voru einkunnarorð hans en þetta viðhorf bitnaði jafnt á hans nánustu sem og samstarfsmönnum hans. Eina kvikmyndin sem hann var virkilega sáttur við var byggð á bókinni *Being There* sem Sellers var hugfanginn af. Hann barðist með kjafti og klóm til að fá að gera hana og var síðan tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn sem Chance Gardiner. Líkt og Chaplin fékk Sellers aldrei Óskarsverðlaun fyrir leik.

Ófyrirleitni Sellers gagnvart samstarfsmönnum sínum birtist ef til best í samband hans og Blake Edwards, leikstjóra Bleika pardusmyndanna. Eftir frumsýningu á *Bleiki pardusinn snýr aftur* móðgaði Sellers Edwards opinberlega. Þetta gerði hann þrátt fyrir að það hefði verið Edwards sem reyndi að rífa Sellers upp úr þeim öldudal sem leikarinn var í eftir að hafa reynt fyrir sér sem alvarlegur leikari með misheppnuðum hætti. Það var aðeins einn aðili í kvikmyndaiðnaðinum sem Sellers virti og það var Stanley Kubrick. Hann var hræddur við hæfileika og greind leikstjórans en þeir gerðu Dr. Strangelove saman.

### Skrautlegt einkalíf

Samband Sellers við móður sína Peg var mjög undarlegt. Hún dreif hann áfram af blindri metnaðargirni og reyndi eftir fremsta megni að koma syni sínum á framfæri. Hún frestaði meðal annars að láta Sellers vita um andlát föður síns vegna þess að hún vildi ekki trufla frama hans.

Óánægja Sellers með sjálfan sig og allt sem hann gerði bitnaði á öllum þeim sem stóðu honum næst. Sellers var hugfanginn af fallegum konum og þrátt fyrir að vera hafnað af Sophiu Loren, skildi hann við eiginkonu sína til tíu ára, Anne Sellers, vegna ástar sinnar á ítölsku kynbombunni. Framkoma hans þótti með eindæmum enda höfðu þau eignast tvö börn sem Sellers stóð slétt á sama um.

Þekktast er þó eflaust samband hans og sænsku kynbombunnar Britt Ekland. Eftir að stjörnuspekingurinn og góðvinur Sellers, Maurice Woodruff, hafði spáð fyrir að stafirnir B.E. ættu eftir að valda straumhvörfum í lífi hans sannfærðist Sellers um að það væri Britt Ekland en ekki Blake Edwards, sem þá hafði boðist til þess að leikstýra honum í framhaldi Bleika pardusins.

Samband Ekland og Sellers þótti stormasamt í meira lagi enda var Sellers óhæfur eiginmaður og faðir. Hann hætti með Ekland þegar hún var að útskrifast af sjúkrahúsinu eftir að hafa alið honum þeirra fyrsta barn. Þau tóku þó saman aftur en þegar móðir hans dó lét hann það bitna á Britt sem yfirgaf hann að lokum. Hann giftist tvívegis eftir skilnaðinn en Britt er jafnan talin hafa verið ástin í lífi hans.

### Lærði fjörutíu raddafbrigði

Það er Óskarsverðlaunahafinn Geoffrey Rush sem fer með hlutverk Sellers. Rush þurfti að læra um fjörutíu raddafbrigði sem Sellers notaði enda er persónum leikarans ekki síður gerð góð skil en Sellers sjálfum. Auk þess þurfti Rush að eyða mörgum klukkutímum í förðun til þess að breyta sér í hin og þessi gervi. Rush hafði reyndar áður hafnað boði um að leika Sellers og sagt að þrátt fyrir að handritið væri gott treysti hann sér ekki til þess að leika jafn margbrotna persónu. Leikstjóri myndarinnar, Stephen Hopkins, gafst þó ekki upp og biðlaði til hans með löngu bréfi og Rush lét undan. Hopkins hefur látið hafa eftir sér að hann vildi gera myndina þannig úr garði að hún væri gerð af Sellers um Peter Sellers.

Meðal annarra leikenda má nefna Emily Watson, sem leikur fyrstu eiginkonu Sellers, Ann Charlize Theron leikur sænsku kynbombuna Ekland og Stanley Tucci fer með hlutverk Stanley Kubrick. Það er síðan John Lithgow sem leikur Blake Edwards, manninn sem gerði Sellers að stórstjörnu. ■

# Vin Diesel skiptir um bleiur

Hasarmyndahetjan Vin Diesel sýnir á sér nýja hlið í kvikmyndinni The Pacifier sem er frumsýnd í dag. Myndin segir frá sérsveitarmanninum Shane Wolfe sem fenginn er til þess að leiða björgunarhóp sem á að frelsa vísindamanninn Howard Plummer úr höndum bosnískra hryðjuverkamanna. Einhver brögð eru þó í tafli og Plummer er drepinn og Wolfe særist. Þegar hann nær sér ákveður hann að taka að sér að vernda fimm börn Plummer-fjölskyldunnar fyrir glæpamönnum sem vilja komast yfir uppgötvun Plummers. Wolfe þarf því að takast á við ný vandamál á borð við það að kenna á bíl og skipta um bleiur auk þess sem hann berst við hættulega hryðjuverkamenn.

Vin Diesel er ef til vill best þekktur sem harðjaxl úr myndum á borð við „XXX“ og „The Fast and the Furious“. Hann er þó ekki að fara ótroðnar slóðir því sællar minningar lék Arnold Schwarzenegger fyrir fimmtán árum rannsóknarlögreglumanninn John Kimble í kvikmyndinni Kindergarten Cop en sú mynd naut mikilla vinsælda.

Sjálfur segist Vin Diesel hafa notið þess að leika á móti börnunum. „Ég var í góðu skapi allan þann tíma sem tökur fóru fram enda fékk ég að leika mér í tölvuleikjum, elta krakka og henda smábörnum upp í loftið.“ Hann segir að erfiðara hafi verið að ná sambandi við öndina sem leikur stórt hlutverk í myndinni. „ Sem betur fer vorum við með góða andarþjálfara,“ segir harðjaxlinn sem þykir sýna á sér nýja og mýkri hlið í myndinni.

Meðal annarra leikenda í myndinni má nefna Brad Garret sem er betur þekktur sem Robert úr Everybody Loves Raymond og Brittany Snow sem er að verða ein skærasta unglingastjarna Bandaríkjanna. ■



**VIN DIESEL** Þykir sýna á sér skemmtilega og nýja hlið í kvikmyndinni The Pacifier.

# Pitt og Jolie saman?

Það eru ekki liðnar margar vikur síðan Jennifer Aniston sótti um lögskilnað frá Brad Pitt. Flestir héldu að Pitt myndi taka sér góðan tíma til þess að komast yfir skilnaðinn, enda reyndu þau að bjarga hjónabandinu. Nú virðist sem Pitt hafi ekki verið með allan hugann við Aniston heldur mótleikkonu sína, Angelinu Jolie.

Á meðan skilnaður Aniston og Pitt var á forsíðum slúðurblaðanna kepptust þau við að bendla leikkonuna Jolie við Pitt og sögðu hana ástæðuna fyrir skilnaðinum. Pitt og Jolie voru þá að leika saman í kvikmyndinni Mr. and Mrs.Smith og bárust fregnir af djörfum samtölum þeirra á milli í síma. Var þetta sagt hafa ollið því að Aniston ákvað að slíta sambandinu.



**ANGELINA JOLIE** Er sögð hafa deilt svítu um með Brad Pitt páskana og gefið þannig sögusögnum um að þau væru meira en vinir byr undir báða vængi

Nú hafa Jolie og Pitt gefið þessum sögusögnum byr undir báða vængi því þegar þau mættu til þess að láta taka kynningamyndir af sér fyrir Mr. and Mrs.Smith skráðu þau sig inn á svítu Meridien hótelsins sem hjón undir nöfnunum Bryce og Jasmine Pilaf.

Þessu hefur reyndar verið tekið með fyrirvara, því svítan er útbúin mörgum herbergjum og halda einhverjir því fram að þetta sé eingöngu hluti af kynningarherferð myndarinnar.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



**The Pacifier**
Internet Movie Database 5/10
Rottentomatoes.com 18% = Rotin
Metacritic 31/100



**The Life and Death of Peter Sellers**
Internet Movie Database – 6,6/10
rottentomatoes.com – 70% = Fersk



**Danny the Dog**
Internet Movie Database – 6,9 / 10



**Kl. 17.00**

*Markús og Donna Mezz leika í **Smekkleysu/Gallerí humar eða frægð**. Markús Bjarnason er söngvari hljómsveitanna Sofandi, Skáta og Campfire Backtracks en Donna Mezz er hljómsveit skipuð þremur ungum konum, þeim **Björgu, Iðunni** og **Söru**. Heilinn á bak við sveitina er Björg Sveinsdóttir, hún semur tónlistina og syngur ásamt þeim stöllum.*

# menning

menning@frettabladid.is


| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fimmtudagur** | **21. apríl** | **FRUMSÝNING** | **kl. 14.00** |
| *- Sumardagurinn fyrsti* | | | |
| Laugardagur | 23. apríl | 2. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 24. apríl | 3. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 4. sýning | kl. 17.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 5. sýning | kl. 14.00 |
| Fimmtudagur | 5. maí | 6. sýning | kl. 14.00 |
| *- Uppstigningardagur* | | | |
| Laugardagur | 8. mai | 7. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 9. mai | 8. sýning | kl. 14.00 |

**MIÐASALAN ER HAFIN**
á **www.borgarleikhus.is**
og í síma **568 8000**

**Sýnt í Borgarleikhúsinu!**




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**H.C. ANDERSEN 200 ÁRA**
**VEISLA Á MORGUN FRÁ 15-17**
**Í LEIKHÚSKJALLARANUM!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
11. sýn. í kvöld fös. 1/4 **örfá sæti laus**, lau. 9/4 **nokkur sæti laus**, fös. 15/4.

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **uppselt**, fim. 7/4 **uppselt**, fös. 8/4 **uppselt**, lau. 16/4 **uppselt**, lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **örfá sæti laus**, lau. 7/5 **nokkur sæti laus**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 3/4 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 10/4 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 17/4 **uppselt**, sun. 24/4 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Í kvöld fös. 1/4 **nokkur sæti laus**, mið. 6/4 **uppselt**, lau. 9/4 **örfá sæti laus**, fim. 14/4 **uppselt**, fös. 15/4 **nokkur sæti laus**, fim. 21/4.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
**Frumsýning mið. 13/4 uppselt**, fim. 14/4 **örfá sæti laus**, sun. 17/4, fös. 22/4, fös. 29/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**Miðasalan er lokuð til þri. 29/3.** Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is**
Veffang: **www.leikhusid.is** Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

# BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Lau 9/4 kl 20, Su 10/4 kl 20, Fi 14/4 kl 20
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Lau 2/4 kl 14 - **Aukasýning**
Su 3/4 kl 14 - **Aukasýning**
***Lokasýningar***

**HOUDINI SNÝR AFTUR**
Í kvöld kl 20 - **AUKASÝNING**
***Síðasta sýning***

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Í kvöld kl 20, Lau 9/4 kl 20, Su 17/4 kl. 20

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Su 3/4 kl 20
Fi 21/4 kl 20 - ***Síðasta sýning***
***- Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**AMERICAN DIPLOMACY**
*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Í kvöld kl 20 ***Síðasta sýning***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 2/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Su 3/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Fi 14/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Fö 15/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 16/4 kl 20, - **UPPSELT,**
Su 17/4 kl 20
Mi 20/4 kl. 20 - **UPPSELT,**
Fi 21/4 kl 20
Fö 22/4 kl 20 - **UPPSELT,**

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Lau 2/4 kl 20, Lau 9/4 kl 20
***Síðustu sýningar***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Aðalæfing fi 7/4 kl 20 - kr. 1.000
Frumsýning fö 8/4 kl 20 - ***UPPSELT***
Fö 15/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20
**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga**


# *Þekktur plötusnúður á Gauknum*

Einn þekktasti plötusnúður Bretlands, Alan McGee, mun þeyta skífum á Gauki á Stöng helgina 1. og 2. apríl. McGee er afar þekktur í bresku tónlistarlífi enda uppgötvaði hann meðal annars Oasis, Jesus & Mary Chain og Primal Scream og er nú umboðsmaður The Libertines. Hann rekur umboðsskrifstofuna The Poptones, sem hefur m.a. á sínum snærum The Hives, The Cosmic Rough Riders, og The Bellrays, auk þess sem hann stofnaði hina þekktu Creation Records á sínum tíma.

Óli Palli verður gestaplötusnúður bæði kvöldin og bætist þar með í hóp margra mætra einstaklinga sem hafa spilað með Alan. Þeirra á meðal eru Courtney Love, Shane MacGowan og sveitirnar The Libertines, The Hives og Primal Scream.

Sign og 911 hita upp fyrir McGee og Óla Palla á föstudagskvöldið og kvöldið eftir hita Dúndurfréttir upp. Stuðið byrjar kl. 22.00 bæði kvöldin og kostar 1500 kr. inn.



**ALAN MCGEE** Þessi þekkti plötusnúður þeytir skífum á Gauki á Stöng 1. og 2. apríl.

## EKKI MISSA AF…

… **Línu Langsokk** sem kveður í **Borgarleikhúsinu** um helgina. Leikritið um hana var frumsýnt í september 2003. Lína ætlaði upphaflega að drífa sig í siglingu til Suðurhafseyja með pabba sínum fyrir páskana, en hún frestaði för og gaf færi á tveimur sýningum til viðbótar núna fyrstu helgina í apríl. Langur biðlisti á síðustu sýningu og tárvot augu þeirra sem ekki komust að gerðu útslagið. Enn eru nokkur sæti laus á sýningarnar á laugardag og sunnudag.

… því þegar hljómsveitin **Jakobínarína** treður upp í **Smekkleysu/Gallerí humar eða frægð** á laugardaginn klukkan 15. Hljómsveitin vann Músíktilraunir á dögunum og kemur að þessu sinni fram með meðlim úr sveitinni Lada Sport.

# Verk fyrir hljómsveit og messósópran

Í kvöld eru fyrstu útskriftartónleikar í tónleikaröð útskriftarnema í tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Fluttar verða tónsmíðar Ásrúnar Ingu Kondrup og Guðmundar Steins Gunnarssonar en þau ljúka bæði námi í tónsmíðum í vor.

„Verkið mitt heitir Solus Christus og það er fyrsti kaflinn af fjórum. Þeir eru allir samdir í kringum fjögur slagorð mótmælendakirkjunnar sem aðgreina hana frá kaþólsku kirkjunni. Síðasti kaflinn heitir Sola Gratia og hann er saminn við texta sem ég þýddi úr hollensku. Verkið er fyrir litla hljómsveit og messósópran en söngkonan heitir Sólveig Samúelsdóttir,“ segir Ásrún.

Tónsmíðanámið er þriggja ára nám og segir Ásrún mikla tónfræði og greiningu á tónsmíðum felast í náminu. „Við æfum okkur í alls kyns tæknilegum atriðum í sambandi við vinnubrögð við að semja tónlist. Einnig lærum við töluvert í tölvutækni sem er alltaf verið að nota meir og meir við tónsmíðar.“

Útskriftartónleikarnir eru átta talsins og standa til 9. maí. Á þeim verða meðal annars flutt ný verk eftir tónsmíðanemendur auk þess sem fram koma söngvarar og ungir einleikarar á flautu og píanó.

Tónleikarnir í kvöld fara fram í Salnum í Kópavogi og hefjast klukkan átta. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÁSRÚN INGA KONDRUP** Hún og Guðmundur Steinn Gunnarsson halda tónleika í kvöld í Salnum Kópavogi. Þau eru bæði útskriftarnemar í tónlistardeild Listaháskóla Íslands.









## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

29 30 31 **1** 2 3 4

### Föstudagur

#### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Hljómsveitin **Skakkamanage** heldur veislu í fyrrum Hvítakoti í Lækjargötu í tilefni þess að út er komin splunkuný sjötommuhljómplata hljómsveitarinnar, Hold Your Heart.



☐ 20.00 Þrettán nemendur úr tónlistardeild **Listaháskóla Íslands** verða með útskrifartónleika í Salnum Kópavogi. Fluttar verða tónsmíðar eftir **Ásrúnu Ingu Kondrup og Guðmund Stein Gunnarsson**. Tónleikarnir eru þeir fyrstu í níu raða tónleikaröð.

☐ 22.30 Blúskvöld með **Mike Pollock, Sigga Sig** og **Gunnar Erlings á Café Rosenborg.**

#### OPNANIR

☐ **Ólöf Björg** opnar sýningu á málverkum í kaffihúsinu Energía í Smáralind.

#### SKEMMTANIR

☐ 22.00 **DJ Sóley og Áki Pain** spila á Pravda

☐ 23.00 Hljómsveitin **Sixties** heldur fjörinu uppi alla helgina á **Kringlukránni** þann 1. og 2. apríl. Stuðið hefst kl:23 báða dagana.

☐ Dúettinn **Halli** og **Kalli** skemmtir á Ara í Ögri.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Glerbrotið blað í sögu þjóðar

Það verður brotið blað í sögu glerlistar hér á landi þegar fjórar glerlistarsýningar opna í Kópavogi á morgun. Sýningarnar eru allar á vegum Listasafns Kópavogs, Gerðarsafns, og eru framlag safnsins til 50 ára afmælis Kópavogsbæjar. Þær eru jafnframt hluti af alþjóðlegu glerlistaþingi, Iceland 2005, sem haldið verður í Salnum dagana 5.-7. apríl.

Sýningarnar sem um ræðir eru Gerður Helgadóttir – meistari glers og málma, Samræður eftir Caroline Swash, Andi manns eftir Leif Breiðfjörð og Íslensk samtímaglerlist. Á síðastnefndu sýningunni sýna listamennirnir Brynhildur Þorgeirsdóttir, Jón Jóhannsson, Jónas Bragi Jónasson, Pía Rakel Sverrisdóttir, Rakel Steinarsdóttir, Sigríður Ásgeirsdóttir og Sigrún Ó. Einarsdóttir.

„Þetta er örugglega stærsta glerlistasýning sem haldin hefur verið hér á landi,“ segir glerlistamaðurinn Leifur Breiðfjörð, einn þeirra sem hefur haft veg og vanda að sýningunni. Hugmyndin að sýningunum og þinginu kviknaði fyrir þremur árum þegar Leifi bauðst að halda einkasýningu í London. „Þá kviknaði hugmyndin að þinginu hjá mér og konu minni Sigríði Jóhannsdóttur. Hún hefur mestmegnis unnið að skipulagningu þingsins síðan og nú er það komið í gang.“

Margir frægustu glerlistafræðimenn heims og forsvarsmenn safna koma á þingið og er það því kjörið tækifæri fyrir íslenska glerlistamenn að fá að sýna verk sín.

Glerlist á sér ekki langa sögu á Íslandi. Upphaf hennar má rekja til Nínu Tryggvadóttur og Gerðar Helgadóttur sem héldu fyrstu sýningar sínar í kringum 1950.

„Þær létu vinna öll sín verk erlendis en ég var eiginlega fyrsti Íslendingurinn sem opnaði verkstæði hér heima til að vinna verkin. Frá árinu 1969 hef ég unnið flest verkin hérna en stærri verkefnin hafa verið unnin í Þýskalandi,“ segir Leifur.



